 Mörgum verður það óráð, sem er nýtt og fljótt tekið.
 Mörgum þókti eg málug, sagði kerling.

N.

- N**afn og náttúru hafa flestir hlutir.
 Nágranni í náund er betri enn bróðir í fjærlægð.
 Náhrafus miskun er nærsta lítil.
 Náið er nef augum.
 Nakinn fæðist mann, nakinn deyr hann.
 Námið eykr naumr svefn.
 Námið kennir fleira enn náttúran.
 Narrans siðgæði sjálfum sómir.
 Náttúran á ósegjanliga margt í sèr hulið.
 Náttúran er algædd í æsku.
 Náttúran er bæði dul og lángeymín.
 Náttúran er náminu ríkari (er næm á hið illa).
 Náttúran heflr manninn verjulausan getið.
 Náttúran leynir sèr til lengðar.
 Náttúran nægist (er ánægð) með lítið.

- Náttúran vill gjarnan vera nauðungarlaus.
- Náttúran þarf ei alljafnt háskólana til að læra.
- Náttúruna er óhægt að útilykja (er torveldt að temja).
- Nauð brýtr járn nauð (er vandr náúi).
- Nauð gjörir nasir djarfar (nappa kosti) (má um koll keyra.
- Nauðin kennir náttúruna að beygja (vini að þekkja).
- Nauðin þvíngr manna, en náðin lokkar.
- Nauðlofun nýt kann ekki að verða.
- Nauðsyn brýtr lög (er ekki lögsett).
- Nauðsyn er illt að uppræta.
- Nauð sækir brand.
- Nauðugr einn kostur verður í nauðsyn upptakast (nauðugr er einu kostur.
- Nauðug þjónusta leiðist traudt af áu skaða.
- Naumlíga fær hiu nízki not síns eigin.
- Naumt er á milli heims og helju.
- Náungi er mèt sá mèt í nauð bjargar.
- Nei er meyar já.
- Neis er nokkviðr halr.
- Neituð bæn er síðr gleymd, enn hin veitta.
- Nema börn það á bæ er tídt.
- Neyð er enginn kaupmaðr.
- Neyð er nauðbeygja.
- Neyð er þá náskyldir stríða (deila).
- Neyð giptir ekkjurnar.
- Neyð kennir bljúgum (bezt) að biðja.
- Neyðin kennir naktri konu að spinna (kennir höndum að vinna).
- Neyð mín gjörði, að eg fastnaði þig fátæka Gunna.
- Neyta skal sólar meðan skín.
- Neyttu ákefðar, þá nauðsyn krefr.
- Neyttu eftir nauðsyn þess, sem þú mátt njóta.

- Neyttu meðan á nefinu stendr.
 Neyttu svosem nóg sè.
 Njáls bíta ráðin.
 Niðingrinn metr sig sem gjafmildinni gæddan.
 Njóta mun ráðs, sá er vel nemr.
 Njóti hann eptir því, sem hann hefir feingið.
 Njóttu betr enn niðrgeingr.
 Njóttu heill handa.
 Njóttu sem þú namst.
 Nízkr bóndi er barn síns fjár.
 Nokkrir eru vinir að nafninu alleina.
 Nokkuð eykr allt, sagði marflóin, hún meig í sjóinn.
 Nokkr skemtan er að breyta um bústaði, en ei all-
 tíð gæfa.
 Nokkr stoð er nágranni hollr.
 Nóg er fljótt, þá nóg er vel.
 Nóg er jörð sterk, þó staðið sè á henni báðum fótum.
 Nóg er satt að segja, þó ei sè logið.
 Nóg er til þá lofað er.
 Nóg er vatn í Hvítá.
 Nóg er vizka nytsamt að vita.
 Nógir eru peningar (nógr er matr) í preststúngunni.
 Nóg hefir hvör að vinna.
 Nóg var þá gull, er ambáttir báru.
 Nóg vita konur kindug ráð.
 Nornir kjósa mögur (fóstr) frá mæðrum.
 Nóttin er missa ljóssins og dagsins.
 Nóttin er mönnum til náða sköpuð.
 Nótt og dagr, rætt og rángt, illt og gott, á ekki
 saman.
 Nóttu verður feginn hinn nauðþreytti, ef hann hvíld-
 ar-von á.
 Nóttu verður feginn sá nesti trúir.

- Nú amar það helzt, sem áðr gladdi.
 Nú beitist björn fyrir vagn.
 Nú ber vel til (í) veiði (eitthvað nýrra við).
 Nú bindr sá, er leysa skyldi (átti).
 Nú dafnar það, er doðna skyldi.
 Nú deilir á mig dóttir illskuunnar (o: yðranin).
 Nú dregr slafr af Hafri.
 Nú er af kvígu-litrinu (lætin).
 Nú er alls kostur við uppgöfinn.
 Nú er bezt að taka til óspilltra málauna.
 Nú er búið að snúa um blaðinu.
 Nú er drengskapur að duga karli.
 Nú er ei deigum (blauðum) vært.
 Nú er ei til setu boðið.
 Nú er ekki á góðu vól.
 Nú er ekki svo stótt, að stolið verði.
 Nú er ekki von á verra.
 Nú er Finnriinn feigr.
 Nú er fleira veitt enn beidd.
 Nú er flest að vilja veitt.
 Nú er fundið búland.
 Nú er gleði á Hjalla.
 Nú er hvinn kominn í háseti.
 Nú er jafnt á báðar voglr.
 Nú er játað því, sem neyta skyldi.
 Nú er illa beygðr góðr fiskimaðr.
 Nú er komið á karar endann.
 Nú er komið annað hljóð í strokk (í pípuua).
 Nú er krummum krás gefin.
 Nú er lagið á, því lukkan er með.
 Nú er mál meingjörðum að hætta.
 Nú er mēr geingið, sagði geit, hún var bæði full og feit.

- Nú er nóg rekkjuvoðin, sagði karlinn.
 Nú er nokkuð um, nautið dansar.
 Nú er nærri járnað.
 Nú er reistr upp hinu danði.
 Nú er setian bekkriun (Kvíabekkr).
 Nú er sett gullið uppá goðið.
 Nú er sjór að logni orðinu.
 Nú er skarð fyrir skildi, sagði Neri jarl.
 Nú er skipt um stafnbúaua.
 Nú er stakkr af oflæti.
 Nú er stokkinn steiuu (gimsteinn) úr skildi.
 Nú er týndr viarian, því tæmd er kaunau.
 Nú er veiði í höndum.
 Nú er uppi fótr og fit.
 Nú er úti friðrinn.
 Nú er allar (flestar) hjargir bannaðar.
 Nú eru brögð í tabli.
 Nú eru flestir sótraptar á sjó dreguir.
 Nú eru sund öll lokin.
 Nú er það sem kerling, sagði klerkriun fyrr.
 Nú er þar einginn, sem einn skyldi.
 Nú er æfln úti, óvart kom það mörgum kropp.
 Nú fór verr enn eg vildi.
 Nú geigr bolr undan höfði.
 Nú geingr tvíbytná að gruni.
 Nú hefir Ingjaldr eðli sitt.
 Nú höggur sá, er hlífa skyldi.
 Nú kastar átján yfir (tölfunum).
 Nú kemst upp um strákiun Tuma.
 Nú kemr Skröggur í leik.
 Nú klekja kettir eggjum.
 Nú kreikar klár fyrir kerru.
 Nú lýtr sá öðrum, sem aðrir lutu fyrr.

- Nú má taka af tvímælin, ef duga skal.
 Nú nægist fáum, nema nokkuð sè við of.
 Nú óttast fullhuginn flest.
 Nú prýðir sá selskapiinn, sem sízt er von að.
 Nú riðr um þvert bak.
 Nú ræðr það minua fyrir því meira (þ: vanian fyrir náttúruna).
 Nú saltast sagniruar.
 Nú skal láta sverfa til stáls.
 Nú skiptir um skarða gullið.
 Nú skyggir í álinu (sortnar í suðriuu).
 Nú spínka (sprita) lögiu á spjótsoddum.
 Nú spyrja fleiri að auði enu ærligheitum.
 Nú stöplar stórum yfir (tekr steiniuu úr).
 Nú tekr trygð að kvölda.
 Nú tekr þú nógu djúpt í árinni.
 Nú varðar ei, þó sá seiðr rjúki.
 Nú verðr ekki reiðingr lánaðr.
 Nú vill ekki krossinn hafa kindilinn.
 Nú vill ekki lúðrinn láta.
 Nú vill ei upp uema dansinn.
 Nú vill hljóma önnur bjalla.
 Nú vinna líka smádjöflarnir á mèr, sagði Sturla Sig-
 hvatsson.
 Nú yfirvinur sá, er áðan tapaði.
 Nú þegir sá, sem veit, sem hann ætti eptir sèr að
 leyna.
 Nú ætlar að fækka um fína drætti.
 Nú ætlar að kastast í kèkki.
 Nú ætla að koma fleiri eun boðnir eru.
 Nú ætlar að skorpuu skór að fæti.
 Nú ætlar að verða (er orðið) minna trè úr meira.

Nú ætlar gömlum að glepjast.
 Nú ætlar heigull að dängast.
 Nú ætlar skörin að fara uppí bekkinn.
 Nýjar tíðir krefja nýa siði.
 Nýfundinn vegr er nýstárligri enn sá almenni.
 Ný giptíngin tekr burt sorg hinuar fyrri.
 Nýir siðir (ný lög) koma með nýum herrum.
 Nýir vendir sópa bezt.
 Ný kvæði kveða konur (menn) mest (helzt).
 Nýnæmi nasa er ramt reyksí.
 Ný ráð koma (gefast) með nýum morgni (tíðum).
 Nýr varningr er drussum dýr (firrir margan fè).
 Nýta flest í nauðum skal, nú er ekki á betra val.
 Nytsaman klæðnað fann nauðsyn ofdýran.
 Nytsamt dagsverk gjörir gleðiligt kvöld.
 Nytsamr þjón er húsbóndans gersemi.
 Nýtt er geðfeldt, gömlu er úthellt.
 Nýtt fat kann að auka fríðleikann.
 Nýtt hjarta og hrein sál er ekki í hvörjum líkama.
 Nýtr er hvör sig fæðir.
 Nýt það þú mátt, þó nóg hafir.
 Nýungar eru mest metnar af mörgum.
 Nýungin er nokkursverð (nærir hugann).
 Nýungin er sem almanak, það dugir eitt árið.
 Nægtin er bezt, þá nálgast skortir.
 Næmið eykst af umhugsaninni (fordjarfast af letinni).
 Nær allt geingr vel, er ei laganna þörf.
 Nærast hlýtr, hvað sem lífa vill.
 Nær boginn er spentur yfir mátann, er hætt við hann
 bresti.
 Nær börn og hjú eru agalaus, er hætt við þau verði
 ærulaus.
 Nær eg hristi stakkinn, hrýtr hann af.

Nær ein bremsa (fluga) missir broddiun, kann hún ekki að skaða.

Nær ein kýrin pissar, pissa þær allar.

Nær einu er áreittr, reynist best hans hógvæð.

Nær einn geispar, geispa fleiri nærstaddir.

Nær einn hlær, kann hann þó að syrgja.

Nær er að bera inn enn út.

Nær er maðr gröf eun í gjæx.

Nær er skinuð enn skirtan.

Nær er um bóuda (kónuga) börnia.

Nær er um steiubíta kjakið.

Nær flest geingr í vil, villist hófsemin.

Nær guð refsar mönnum, byrgir hann þeirra augu.

Nær gullið talar, gefa flestir (gefr veröldiu) hljóð.

Nær herrann talar, ber þénurunum að heyra.

Nær hjartað er sturlað, stoðar engin ytri gleði.

Nær hjartað fagnar, styrkist allr líkamiun.

Nær hinu ríki talar, gefr hvör maðr hljóð.

Nær illr bölvar illum, bölvar hann sjálfum sér.

Nær illr sveiun má ráða, er hans herra í voða.

Nær konan brúkar mannsins stígvel, það fer ekki vel.

Nær konan er drukkín, er kossinn falr.

Nær kyudugr kemr til klóks, hefiv kyudugr tapað.

Nær lukkan forðast þig, skaltu ei fella þinn lug.

Nær lukkan fylgir þèr, skaltu óttast hana eu ei forðast.

Nær maðr er glaðr í geðiau, gjörir hann allan líkamann lystugan.

Nær maðr er vír fyrir sjálfum sér, er hann vanvitugr fyrir öðrum.

Nær maktin vex, opiuberast vanartiu, sem býr í náttúrunni.

Nær mèn aldrei nauðug ill af náttúrunnar miði.

- Nær minnst varir, er mest fár.
 Nær peninginn vantar, þykir allt vanta.
 Nær peningrinn er fariinn, er vegsemd og virðing
 farin.
 Nærri er voði, þá illa vill.
 Nærri liggur hurð hælum.
 Nær sérhvor hlutr er kominn hæst, má hann falla.
 Nær skal ríða, ef nú er aptrhaldið (nær skal, ef nú
 er ekki).
 Nærskornar nöglur og norðr þvegið hár, fær mörg-
 um ófeigum í hel komið.
 Nær steikarinn reiðist, verður kálið feitt.
 Nær stendr höldum hel.
 Nær tekr ágirnd enda? (í dauðanum).
 Nær tveir glíma, dettr gjarnan sá minna má.
 Nær vellystin ríkir, lúrir dygðin og horfir á.
 Nær vínið geingr inn, geingr vitið út.
 Nær þér vel geingr, bú þig við því vonda.
 Nær þú sér einhvörn veikan, þeink það sama um
 sjálfan þig.
 Nær þú sér vesöld í þíns bróðurs andliti, lát hann
 sjá miskun í þínu auga.
 Nær þú villt tala, þeink þig áðr vel um.
 Nær æran er burt, kann einginn ná henni.
 Nætrvökur og ótíðlig stúdering veikir líkamann.

O.

- Óáran er eyðing hjárgar.
 Óboðin þjónusta fær einga þökk.
 Óbrygðulla vin fær eingi maðr, enn maunvit mikið.
 Óðamála er óhægt að þegja.
 Odd skal ærum (ódeigum) rétta.

Ofarliga liggur ójöfnuður í þér.

Ofarliga sá eg einum bíta orð illrar konu.

Ofát aftar óróa.

Ofbeldi verður með auðmýkt brotið.

Ofdyrfð og hugleysi er hvörtveggja hættusamt.

Ofdyrfskan og ofsinn verður flestum til falls.

Ofdrykkjan afmyndar alla nokkuð.

Ofdrykkjan er fílska af sjálfskapar vítum.

Ofdrykkjan er uppspretta allrar ólukkunnar (leggur veg til allra ódygða).

Ofdrykkjan gjörir bæði vits og peninga skaða.

Ofdrykkja öls vegur margan velli að.

Ofdrykkju fylgir margt mein (sótt, sorg og syndafjöldi).

Ófeigr má fara ugglaus um allt land.

Of-fásæð er maundygdin mæta.

Of-fljótt er svarað, áður þú skilir orð og meiningu.

Of-framr að vera er ei gott.

Ofgefinn er hundum matr (illum heiður) (óþrifum skart).

Ofgjört þykir, ef ei er hrósað (lofað).

Of-hraðmæltum er hætt við að mismælist.

Of-Jarl! Of-Jarl!

Ofjátað er því, sem ekki sómir.

Oflaung þögn er heimska (gjörir vísans að dára).

Oflítið (ofmikið) má að (úr) gjöra (viðhafa).

Oflofingjar bregðast mér mest.

Ofmargir vondum vægja.

Ofmetnaðrinn hefir mörgum steypt.

Ofmikið frelsi eykr þrjózku.

Ofmikil forundran sýnir vanvitugann.

Ofmikil hæverska verður opt að athlátri.

Ofmikil viðfeldni fæðir forakt.

- Ofmikil vinsemd er opt grunsöm.
 Ofneyzlan er aflögun heilsunnar.
 Ofneyzla og ofsparsemi er hvorttveggja óheilnæmt.
 Ofneyzlan og nízkan eru ólíkar systur.
 Ofnærri nefi, kvað Jarl, var skotiun í augað,
 Óforhugsað skal ekki byrja.
 Óforvarandi gestir fá óforvarandi máltíð,
 Óforþétt bölvun ekki skaðar.
 Ofreiðr er óðum líkastr.
 Ofreyndum nærri geingr nauðin.
 Ófróðr þykir sá einskis spyr.
 Ofskipað er sauð hjá kiðum.
 Ofsnögg hlaup gjöra yðrunar kaup.
 Ofspakan yfirmann óttast ei hans þjóuar.
 Ofsparsemi verðr loks að óþökkaskap.
 Ofspurðr er eiun, þá ei getr tilsvarað.
 Ofstopi er óvinr skilufingsins.
 Ofsvefn lát þig aldrei tæla.
 Oftómu og ofhlöðnu skipi er eins hætt.
 Oftraustið er svovel bannað sem vautraustið.
 Ofveikr alvalds bogi.
 Ofvit er reyndar óvit.
 Ofþreyta má vin sinn (valin vin, listina).
 Ofætuir óþrífast laungum.
 Ógipt segir: eptir hvörju skal eg bíða.
 Ógæfan er röm og rík.
 Óhlýðin börn eru foreldranna mesta ángr.
 Óhófið fær sult um síðir.
 Óhófligr drykkjuskapr og temprunarlaust lanslæti,
 flýttir ellinu mest.
 Óholl þjónusta er illra launa verð.
 Óhreint auga vottar óhreint hjarta.
 Óhreinum er ekkert hreint.

Óhæfa er einfaldann að tæla.

Óhægð fylgir alltið leyndum móði.

Óhægt er forlöginn að flýa (við atkvæðum (ákvæðum) gjöra).

Óhægt er óvana að týna.

Óhægt er uppkomnu rykti strags að aptra.

Ójafnað græða menn með gleymsku.

Ójafnir strengir tvinuast aldrei vel.

Ójafnt eru raddir róm-mjúkar.

Ójafnt leika ljón og sauðir (leikr lukkan við lýði).

Ójöfnu eru endalok manna.

Ókendr er maðr áðr hann er nefndr.

Ókjörin fær sá tímanum tapar.

Ókomnum degi skal einginn kvíða.

Ókunnugan mann virð þú eingu framar, enn þinn
vísan vin.

Ókunnugt elskar einginn.

Okkr er ílls manns gaman (er sem arnarfjöðr).

Okkrarlínn ógjarnan vægir.

Ókynnis víti þig eingi maðr, þó þú gángir snemma
að sofa.

Ólag veldr stórri streitu.

Ólaunaða gjöf má aptrtaka, ef vill.

Ólbogabarnið opt kann ske, ekki síðr hinu sè.

Ólfkinðalætin eingin eru góð.

Ólíkt er frið að næra eða stríð að stofna.

Ólíkt er herranna brúðkaup og húsgángsins borð-
hald.

Ólíkt er íllt og gott.

Ólíkt er sælgætið vólæði.

Ólíkt er æskunnar blómstr og ellinnar fornviði.

Ólíkr er endir lukkunnar hennar upphafi.

Ólíkr er þinn þór mínum þór (og eru þó þórar
báðir).

Ólukkan er sjaldan ein (einsömul).

Ólukku þarf ei orð að senda.

Ólundin afmyndar flest.

Ólystug er annars tugga.

Ómálugr skal vel orðum stilla, sá sem vill heiðr
hafa.

Ómannligt er eingum að bjarga.

Ómennskan kemr litlu til leiðar.

Ómildir skulu dreggjarnar afsúpa.

Ómæðið er víði orkar miklu (kemr öllu til leiðar).

Ómæt eru afglapa (ómaga, drúkkins manns) orð.

Ónýt er yðran, ef ei fylgir aflát synda.

Ónýtr þjón gjörir ónýt verk.

Ónýtr er jór, ef einn fótr brotnar.

Opinbera eingum það þér kann að verða til ólukku.

Opinbera ei óvin þínum, það þú villt ei alla vita láta.

Opinberar lygar eru ei andsvars verðar.

Opiu er feigs vök.

Óplægða jörð er óhentugt að sá.

Opna verðr húsið, ef það skal innan skoða.

Óprýði líkamans eru sálarinnar minustu lýti.

Opt að haldi hefir ítum komið, ef leynist spakr
með speki.

Opt á góðr granna vondan.

Opt áugrar það mann, sem áðr gladdi hann.

Optar hótar bogiun, enu hann hæfir.

Optar liggja svín í sauri eun í rósgarði.

Opt á sèr ástsæll öfundarmann!

Optast ber hiðu aumi minna hlut úr máfum.

Optast er betra að leyna ótta sínum, enu hann að
opinbera.

- Optast er fullhugiinn fremstr í flokki.
 Optast er heimskan hvikul.
 Optast er reiðr orðgreiðr.
 Optast reñar reiðin í biðum.
 Opt bagar óþörf mælgí.
 Opt batnar við beiskan drykk.
 Opt bera dökk epli (ber svört uyt) sætan kjarna.
 Opt bera magulítill bein mikiinn kropp.
 Opt ber blíð nótt bágan dag á baki.
 Opt bíðr átekta sá öðrum er meiri.
 Opt bilar hinn betri, þá hinu verri er vígr.
 Opt bíta hundar menn, sem ala þá.
 Opt bítr sorg sem sverð (sök sárara enn knífr).
 Opt blekkir sjálfan óforhugsað tal.
 Opt blídt stíngur einn strídt.
 Opt boðar ásýndin artuga náttúru.
 Opt brýtr ágirndin ok fátæktariunnar af sér.
 Opt dettr dramblátr fyrir ofrborð.
 Opt dettr um litla þúfu.
 Opt deyr nafnið fyrr enu maðrinu.
 Opt dregr lofið háðið í halanum.
 Opt dregr dyrfskan dárann í ólukku.
 Opt drepr fæti sá augna missir.
 Opt drepr sjálfan dulr og ranp.
 Opt drottnar illr þræll yfir góðum frelsíngja.
 Opt drukkna þeir fyrst, sem syndir eru bezt.
 Opt dylr litr kosti.
 Opt dvínar það (þá) er duga skyldi.
 Opt einn löstr öllum spillir kostum.
 Opt er ábatinn ekki ómaksins verðr.
 Opt er auga á gyrniligum grip (á óttaligrí skepnu, tabli).
 Opt er ávöxturinn ólíkr sæðinu.

- Opt er beisk rót hin bezta heilsubót (undir rauðri rósa).
 Opt er betra beiskt vín sári, enn mjúk olía.
 Opt er betra að búa hjá framandi lýð, enn frændum.
 Opt er blakkt kjöt undir hjörta fiðri.
 Opt er bljúgr betri enn dristugr.
 Opt er blót í þræls bræði.
 Opt er blökk rót undir bjartri lilju.
 Opt er bráð reiði runnin, fyrrenn af veit.
 Opt er brim með háflæði.
 Opt er böll í bústangi.
 Opt er dári í dánumanns (grei í góðs manns) ætt.
 Opt er dárinn djarfæltr (verstr þeim, sem honum er beztr).
 Opt er dauft eptir múkinn.
 Opt er deigt hjarta undir dýrri brynju (dýrum stakki).
 Opt er dreingr í dánumanns ætt (flokki).
 Opt er duglausastr, sá sem er orðhvatastr.
 Opt er dygð undir dökkum hárum.
 Opt er dymmt auga undir bjartri brynju.
 Opt er einn lítilsverðr fátækr þakklátari, enn hinn voldugi.
 Opt er einn skaði annars skaða viðvörun.
 Opt er einn vinr staðfastari enn bróðir.
 Opt er eins lukka annars ólukka.
 Opt er einvera gagnlig, en þó lættlig.
 Opt er eitradr ávöxtr ilmandi og glausandi.
 Opt er ellin guðhræddari enn æskan.
 Opt er ellin kraptalaus gott að gjöra.
 Opt er endalyktin uppláfinu ólík.
 Opt er erviðislatr lipr að syndga.
 Opt er fátækt hús innan illa prýðt utan.
 Opt er fátækr æruríkr.
 Opt er fimm álva munr systranna (systkynanna).

- Opt er flagð í fögru skinni (fox í fögrum ham).
- Opt er flekkur í fögrum krausi (fals undir fögrum orðum).
- Opt er fljótgjörð lukka fallvölt.
- Opt er fljótr til að lofa, fljótr til að svíkja.
- Opt er fordjörfun í ágirudarinuar inntektum.
- Opt er framsækinu hinn sigrlausi.
- Opt er fríðleikriun fanga snara.
- Opt er fríðr fullr með heimsku.
- Opt er fríðr maðr iuvortis ljótr.
- Opt er fundrinn fullsætr, en skilnaðr skaðligr.
- Opt er fögur dygð fèvana.
- Opt er galli á góðu þingi (góðum hring) (gulli).
- Opt er gamall maðr ráðdrjúgr.
- Opt er gaman að gikkjum hendt.
- Opt er gleðin aptanmjó.
- Opt er glisið meingað með táli.
- Opt er grár kjarui í góðum klæðum.
- Opt er grunsemi ílls hugar viti.
- Opt er gígr granna í milli.
- Opt er hann armastr, sem álitinn er lukkuligastr.
- Opt er hann lukkusæll, sem það ekki þykist.
- Opt er heimskan helzt til stórlát.
- Opt er heitr eldr undir kaldri ösku.
- Opt er hinn lengsti vegr heimleiðis hinn bezt.
- Opt er hýrt höfuð á mettum maga.
- Opt er (verðr) hljódt eptir gaman.
- Opt er huiss að alþýðu rómi.
- Opt er huggun hærr en sorg.
- Opt er hvinur í hvítu skinni.
- Opt er hvítt lamb undir svartri á.
- Opt er húskinn heima fúll.
- Opt er hyrðulaus ábatalaus.

- Opt er honum afa mínum brugðifð.
 Opt er jafnláugr vegr ójafnt, fljótr.
 Opt er í einum pennu betra hljóð, eun hvellri tangu.
 Opt er í fögru herhergi ófríðr húsbóndi.
 Opt er í hofgörðum ótrútt brauð.
 Opt er í horni (holt, huldir) heyrandi nær.
 Opt er í lygnu vatni langt til botns, en í straungu
 stutt grunnmál.
 Opt er í vondum lörfum vitr persóna.
 Opt er í önu mæði.
 Opt er kám á kokks nefi.
 Opt er karlmannshugr í konu brjósti.
 Opt er ketti kaldt á eyrum.
 Opt er kippr í konu ferð.
 Opt er klæðadragtin teikn drambseminnar.
 Opt er kærleikrinn meiri í vinalúsum eun heima.
 Opt er langt á milli að lofa og enda.
 Opt er lángr laðr.
 Opt er laukr í lítilli ætt, og strákr í stórri.
 Opt er lauslyndr lausmæltr.
 Opt er leiðum sparað, það ljúfum er hugað.
 Opt er lepra í leyfum kálfs.
 Opt er letin óvinsæl.
 Opt er lætt verk í annars höndum,
 Opt er lin reiði lánngæð.
 Opt er ljót hönd lagtæk.
 Opt er ljót nyt undir fögrum faldi,
 Opt er ljótr draumr fyrir litlu efni.
 Opt er ljótr ormr í lygnu vatni (skæðir fiskar,
 pöddur).
 Opt er lítill blessan í stóru brauði.
 Opt er lítill lukka tryggari, eun sú stærri.
 Opt er lítill nýtr nærri sanui.

- Opt er lífill stofn stórrar lúku (stórrar ættar).
 Opt er lífill stund til góðs.
 Opt er lífills vant.
 Opt er loforð á skeiði, útgjald í hafti.
 Opt er loki á laungum nálfraði.
 Opt er lokið litla stund, því leingi er safnað.
 Opt er lygð í lofi (lastkvæði).
 Opt er lýginu lángrör.
 Opt er málsnjall meðallagi vitr.
 Opt er manna í misjöfunum flokk.
 Opt er meira traust í skjótu áraði, enn dyrfsku og
 liðsfjölda.
 Opt er meiri auðmýkt undir kóngligum klæðum, en
 kufli betlarans.
 Opt er mildr í orði, magr í útlátum.
 Opt er misjafn saundur í mörga fè.
 Opt er mosug mýrar dæld.
 Opt er mönnum misjafnt í sinni.
 Opt er naðra undir grænu grasi.
 Opt er nífingr nákomium góðum.
 Opt er norðan náttkæla uþur.
 Opt er nærri orðheppinu.
 Opt er opið auga blindt (sjónlaust).
 Opt er óveðrligt í öndverðum þey.
 Opt er peningrinn útfús.
 Opt er penni á preststúngu.
 Opt er ránglæti í reiðs manns orðum.
 Opt er reiðr óðr, óreiðr raungóðr.
 Opt er rósalitr á rótfúnu grasi.
 Opt er sá amalaus, sem einginn amar.
 Opt er sá foraktaðr, sem virðingar er verðr.
 Opt er sá gamli líttskygu, en sèr þó langt framm í
 veiginn.

- Opt er sama svín á akri.
- Opt er sá miskunarlaus, sem hefir minnstan rétt til að dæma.
- Opt er sá miskunsamr, sem hefir mestan rétt til að dæma.
- Opt er sannleikr eyrum beiskr.
- Opt er sannleikrinn seinu úr muuni.
- Opt er sekr varinn, en saklaus bariinn.
- Opt er skaphnoðrinn lætrr í skautinu.
- Opt er skartið teikn lauslætisins.
- Opt er skfn fyrir skúr.
- Opt er skjól undir skaffi.
- Opt er skyndilig umbreyting skaðlig.
- Opt er skynugr skammfullr.
- Opt er slæmr löstr á góðu hrossi (góðum grip).
- Opt er snarræði í illu sjálfræði.
- Opt er sorg betri enn sæla.
- Opt er sorgfullt brjóst undir sjáligrri skikkju.
- Opt er sorg sællfís endi.
- Opt er stór kólfr í lítilli klúkku.
- Opt er stutt kápa víð að neðan.
- Opt er (verðr) svípr í svefni.
- Opt er sýnd veiði, þá ei er gefin.
- Opt er sælan heims sálar voði.
- Opt er trygðin tár mild.
- Opt er tryggara að vera hjá vondum, enu viugjaru-
ligri konu.
- Opt er túngan taumlaus.
- Opt er vargshöfuð á vormorgni.
- Opt er vel drukkið, en ei til mikils.
- Opt er vellauðugr vesæll.
- Opt er vellyst með ótta blönduð.
- Opt er vinskapr í inngaungu sætr, en í útgaungu beiskr.

- Opt er vinr til vonds eins.
 Opt er vitr maðr seinn til svars.
 Opt er úlfr í ekkju fè (í fuglis fiðri) (í úngum syni).
 Opt er umbreytflug álitin með forundran.
 Opt er voði nær, sæll er sá, sem vel er signdr.
 Opt er vondr þræll fylgisamr vondum herra til
 vondra verka.
 Opt er vænt sverð í vondum skeiðum.
 Opt er vösk hönd undir vondri kápu.
 Opt eru augun sinnisins speigill.
 Opt eru dýr hjörtu undir ódýrum stakki.
 Opt eru feðrum arfar ólíkir.
 Opt eru gamlir menn hyggfir (úngum vitrari).
 Opt eru hvítar tenur í svörtum hundí.
 Opt eru illmæli í þræls reiði.
 Opt eru ílls meins (lángarar ólukku) upptök lítil.
 Opt eru kröggur í vetrarferðum.
 Opt eru lítil erindi á vorin.
 Opt eru lygn vötn djúp.
 Opt eru lækningarnar beiskari, enn sjálfr sjúkdómrin.
 Opt eru mislángar fingr misþokkaðar.
 Opt eru ormar undir fögrum búska (rósum).
 Opt eru stór laun lítils öktuð.
 Opt eru strákar á stórherra görðum.
 Opt eru verstu menn í lukkunnar leguneyti.
 Opt er það mest lastað, sem mest er nytsemd að.
 Opt er þá í þræls fœr.
 Opt er þar hjartað stírdt, sem túngan er mjúk.
 Opt er þras á þíngum.
 Opt er þrællinn bæði slisinn og sleppifengr.
 Opt er þur jörð ávaxtarlítil.
 Opt er þörf, en nú er nauðsyn.

- Opt er æði í annríki.
 Opt er ærulaus ófeilinn.
 Opt etr úlfr (tóa) talda sauði.
 Opt eyðir ódygðin því, sem dygðin hefir safnað.
 Opt eyðist fljótt það leingi er aflað.
 Opt eyðist það með sorg, sem með nízkú er sparað.
 Opt eykst langt kif af lítilli þrætu.
 Opt eykr það manni sturlan, sem hann elskar.
 Opt fá hin verstu mál vænstu stoðir.
 Opt falsar fögr mynd, og lýgr ljúf ásýnd.
 Opt fá menn ekkært, af því mennu reyna ekkært.
 Opt fellir lágr þröskuldr lángan slinna.
 Opt fellr flagð af litlu.
 Opt fellr hestr á flötum veigi.
 Opt fellr sá í forsmán, sem fremstr þóktist.
 Opt fer bendíng undan straffi.
 Opt ferst nýðíngur með nýðíngi.
 Opt fer þar annar í kaf, sem annar kemst af.
 Opt festir saur á fögru hjóli (fati).
 Opt flöktir sá lágt, sem fjaðrir hefir nógar.
 Opt foraktar afspreingið sína ætt (toppr eikarinnar
 sína eigin rót).
 Opt fordjarfast lángs tíma erviði á stuttri stund.
 Opt forherðir umvöndunin illhreisinginn.
 Opt frídt stíngur eyru strídt (tídt).
 Opt fylgir lauslæti blygðunarleysi.
 Opt fylgir ofmælgí ótrú.
 Opt fæðir Mammon meir augun enn magann.
 Opt fær gestrinn það orð: gakk í burt.
 Opt fær grimmr hundr gatað (rifið) skinn.
 Opt færir illt trè ásjalígan ávöxt.
 Opt færir kvínnan framandi erfíngja inní mannsins
 góz.

- Opt fær laung plága fljótan enda.
 Opt fær ókunnugr óþægan náttstað.
 Opt fær sá mát, sem mentina ber hærrí.
 Opt fær sá ósigr, sem óvar er.
 Opt fær sá saðning, er sciuna borðar.
 Opt fær sá sigr, sem sekari er.
 Opt fær sá sterkari kuðsig fyrir þeim veikari.
 Opt fær upphaf illt endalykt góða.
 Opt gana gupnir eptir höfði (ganir gumpr undan höfði).
 Opt gefst óvænum happ.
 Opt gefr blaðalítið trè beztan ávöxt.
 Opt gefr gamall gott ráð.
 Opt geingr maktin fyrir rættinn.
 Opt geldr hurð heimskra manna þykkju (gríðkonu reiði).
 Opt geldr kapall að keirís-sveinu er reiðr.
 Opt gjalda stofudyr stafkarla reiði (að stafkarlinu reikar).
 Opt gjöra lítill sár stór bartskera laun.
 Opt gjöra manna hendr menn heila.
 Opt gjörir vaninn afmyndaða náttúruna.
 Opt gjörir vinanna kaupskapr skarð í þeirra vináttu.
 Opt gjörir uppfostrið ólíka bræðurnar.
 Opt gjörist fríð líkneskja úr ljótu trè (smíðast líkneskja af ljótu efni).
 Opt grætr sá, sem hefir gládt hjarta.
 Opt gyldir það margra velferð, þegar tveir stórir deila.
 Opt hafa digr hein daufan kjarúa.
 Opt hafa fagrar nytr fúnu kjarna.
 Opt hafa herrar misjafna þjóua.
 Opt hafa hundar það, sem þeim ei er ætlað.

- Opt hafa hyggvir menn heimska niðja.
 Opt hafa jafnir brögðum beizt.
 Opt hafa illa luktandi blómstr heilnæmasta kjarna.
 Opt hafa kaldar heudr varman disk í knjám.
 Opt hafa litdaufar rósir beztu ilmíng.
 Opt hafa litlar vonir að góðu orðið.
 Opt hafa lýðir lítt verið staddir.
 Opt hafa ofdyrfðar ráð siun herra niðrfellt.
 Opt hafa ráð úr refsbelg komið.
 Opt hafa stríðir streingir hrokkið.
 Opt hafa stærri mál fêbætt verið.
 Opt hafa þær verstu bækr stærstan titil.
 Opt hefir betr blædt.
 Opt hefir Björn verið blakkari um fíng.
 Opt hefir ellin æskunnar not (vanart).
 Opt hefir heimskr hyggiligt tal.
 Opt hefir hin frægri kona færri hrínga.
 Opt hefir höndin lítið, þá hugrinn vill mikið.
 Opt hefir langt líf litla gleði.
 Opt hefir lítillátr rósamt hjarta.
 Opt hefir lítilhugaðr veika vitsmuni.
 Opt hefir lukkan ólskan enda.
 Opt hefir mektugr orðið að hafa minni hluta.
 Opt hefir stórherra narrann sèr nærstan.
 Opt hefir strángt vald stutt regiment.
 Opt hefir stutt kvæði langt niðrlag.
 Opt hefir veröldin kastað ellibelgunum.
 Opt hefir upphaf blídt endir stirðan (ólskan enda).
 Opt hefir það kötturinn, sem kónginum var ætlað.
 Opt hefir þaun blygðanin unnið, sem nauðirnar
 gátu ei sigrað.
 Opt hefnir sá, sem hleiginn var, og geldr líku líkt.
 Opt hefst lítillátr í lofligt sæti.

- Opt heingja gráþjófar bláþjófa (stórþjófaruir smáþjófana).
- Opt heldr (veldr) peníngur pundí.
- Opt hjalar heimskr hátt.
- Opt hjálpar lukkan þá listin slær feil.
- Opt hlífist sá öblugi við þann veika, en ei við sinn líka.
- Opt hljóta góðar tenur illt (slæmt) að tyggja.
- Opt hlýzt (stendr) illt af kvenna ráðum (hjali).
- Opt hváir heimskr maðr og heyrir þó.
- Opt hylst í litlu fræi stór ávöxtur.
- Opt játar hræddr því hann ekki vill.
- Opt kann að gagnast hinn armasti vinur, sem hian mektugasti.
- Opt kann að loða skarn við skál.
- Opt kann eitt ráð mörg að ónýta.
- Opt kann gamall maðr góð ráð.
- Opt kann góðan grand að henda.
- Opt kann viljann að vanta sem efnin.
- Opt kann vinátta í óvild að snúast.
- Opt kann það gott að vera, sem þó er ekki samlíkt.
- Opt kann þig að tæla sá þú trúað hefir.
- Opt kaupir mann sèr í litlu lof (kaupist lof með litlu).
- Opt kaupir mann skammvinnna lýsting með stóru erviði.
- Opt kemr bót eptir bøl.
- Opt kemr gjöf illa niðr (í þægar þarfir).
- Opt kemr góðr eyðari eptir góðan aflara.
- Opt kemr góðr þá getið er, svánger þá jetið er, og illr þá um er rædt.
- Opt kemr grátr eptir skellihlátr (kvein eptir kæti).
- Opt kemr hatr í stað óleyfiligrar elsku.

- Opt kemr heitr røtt af kaldri hönd.
 Opt kemr kaldr blástr af heitum anda.
 Opt kemr krókr á móti bragði.
 Opt kemr laung sótt af litlu fári.
 Opt kemr logn (regn) eptir hvassan vind (regn eptir reiðarslag).
 Opt kemr mein eptir munuð.
 Opt kemr óveðr í endaðan þey.
 Opt kemr ránglátr og hefnir røttláts.
 Opt kemr satt eptir kvitt.
 Opt kemr skúr eptir skin (skin eptir skúr).
 Opt kemr sviði eptir sáran kláða.
 Opt kemr sultr eptir armóðs veizlu.
 Opt kemr við stirða hönd og sáran fót.
 Opt kemr ögun til bata.
 Opt koma hefndir eptir þanu dauða.
 Opt koma kröptug orð af klökkvu hjarta.
 Opt koma lastmæli í staðinn lofstýrs.
 Opt koma ósköp niðr þar ekki skyldi.
 Opt koma kvenna ráð köppum að gagni.
 Opt koma sannindin ófyrirsynju í ljós.
 Opt koma skilin orð úr skolpnum (skorpnnum) belg.
 Opt koma skökk orð úr skældum haus.
 Opt koma sæt orð af svikulu hjarta.
 Opt kremr forsmán meir hjartað, enn harðar álögur líkamann.
 Opt kunna tvírað orð að tálðraga jafnvel hygginn mann.
 Opt kunna þrætuskriðin að uppbyggja lærdóminn.
 Opt kærir amman fyrir barnið.
 Opt laumast stundargleði með stórri og lángrí hrygð.
 Opt leiðir illt af illum stafkørlum (illum tångum).

- Opt leynast leingi léstir.
 Opt leyna sæt orð svikum.
 Opt leynir mjalli ljótum galla.
 Opt leynist hugleysi undir harðneskju.
 Opt líðr sá nauð, sem annann gjörir ríkan.
 Opt lífa þeir illa, sem leingi ætla að lífa.
 Opt lífa þeir leingi (verða gamlir), sem með orðum eru vegnir.
 Opt liggja leingi í hlè lofligar gjörðir.
 Opt má af máli kenna hvör maðriun er.
 Opt má af eitriun lækuisdóm birla.
 Opt má af litlu annars geð (gyrnd) merkja.
 Opt má blygðast hinn ærusnauði.
 Opt má lítið lagliga fara.
 Opt má sá saklausí líða með þeim sekaða.
 Opt má satt kyrt liggja.
 Opt mátar sliuni slóttugau tablmann.
 Opt má vaskr vskja, þá vesæll skal ríkja.
 Opt mega börn bera bríxli foreldra.
 Opt missir sá sitt, sem meira beiðist.
 Opt missir sofandi maðr það, sem hann vakandi kunní að halda.
 Opt mýkja orðin blið ofrstríð.
 Opt mælr sá fagrt, sem flátt byggr.
 Opt mætir óhóf óhófi.
 Opt mætist kaldt veðr og kollhetta.
 Opt njóta hjú góðra gesta.
 Opt njóta niðjar kyns og kosta.
 Opt notkast lítt það sínum vin er sínjað.
 Opt nýast nafn upp apr.
 Opt nýtr hundr síus herra.
 Opt nýtr óverðugr þess ei fèkk verðugr.
 Opt óskar sèr heimskr maðr óþarfrar óskar.

- Opt óttast hinn ragi það ei er þess verdt.
 Opt prýðir persónuna meir peningriun eum æran.
 Opt ráða ósköp illa.
 Opt ratar sá heim, sem ríðr seint.
 Opt ratast kjöptugum satt á muun.
 Opt reiðast ríkir af litlu.
 Opt reiðast röskir illa.
 Opt reiðist illa sá, sem til þess er neyddr.
 Opt ríkir ótrú meðal beztu bræðra.
 Opt rís bára af bröttum grunnu.
 Opt rís langt kíf af lítilli þrætu.
 Opt ræðr sá verr ræðr (vill).
 Opt ræðr vargr með úlfi.
 Opt sá hefnist er halloki verðr, og vegr síðan sigr.
 Opt samneyta óarga dýrin.
 Opt sèr betr einn aðgætinn, eun sjö sem sitja á vakt.
 Opt sèr hygginn bliudr betr eun heilskigu.
 Opt sitjandi sögur umfallast, og liggjandi lýgi umbellr.
 Opt sitr trúr ráðgjafi hjá ótrúum, og eyðir hans ráðum.
 Opt skaðar það, sem yndælt þykir.
 Opt skerðir illr selskapr æru og virðing.
 Opt skiljast góðir drykkir af dönsku keru.
 Opt skoðar latr maðr verk sitt.
 Opt sleppa óforhugsuð orð af vörum.
 Opt sleppr einum orð, og meinar það ekki með.
 Opt slökkur ein sorg aðra.
 Opt snúast vandræði á veg góðau (til verra).
 Opt snýst góðum last í lof (óvænt efni til góðs).
 Opt snýst í æði óþreytt þolinmæði.
 Opt spáir fretr fyrir fylli.
 Opt standast á hugir manna (hólda hugir).

- Opt stendr strá, þar stór trè falla má.
 Opt straffa stóru lestirnir þá smáu.
 Opt svarar heimskr áðrenn hann heyrir.
 Opt svelgist svaungum á sætum bita.
 Opt svellr ujósnarmönnum í munni.
 Opt svikja sæt orð dárann.
 Opt sýnist tröll fyrir dyrum standa, þá óttinn er annarsvegjar.
 Opt tapast á einni stundu, það á mörgum dögum var aflað.
 Opt tefr offlýtirinn.
 Opt tekst villigöltr af veiðihundi.
 Opt tekr feil sá fróði.
 Opt tendrar hræsnin eld drambseminnar.
 Opt valda orðin smá ofrdeilum.
 Opt vantar þann volduga þannu honum satt segi.
 Opt veitir ókend fæða eptirköst.
 Opt veldr hár stígi þúngu falli.
 Opt veldr letin ómaki miklu.
 Opt veltir lítil þúfa þúngu hlasi.
 Opt verða ávextirnir afskornir fyrrenn fullvaxnir eru.
 Opt verða beinaspjöll á boðinu.
 Opt verða dygðirnar huldar, en lestirnir lofaðir.
 Opt verða hyggindin af heimskum foröktuð.
 Opt verða inubirlíngarnar sterkari sannleikanum.
 Opt verða leitir í lautum.
 Opt verða letingjarnir leiðir og lofsmáir.
 Opt verða málin misjafnliga álitin.
 Opt verða þrettir með þrettum borgaðir.
 Opt verða sárin sárt læknuð.
 Opt verða sóttir lífs að sálar heilsunót.
 Opt verða tveir úr einum, þeir ef gamall verður.
 Opt verða verri eptirleyfar meðlætis eun mótlætis.

- Opt verða þunglyndir menn þunghendtir.
- Opt verða ættirnar ólíkar sjálfum sér.
- Opt verður af lítilli orsök stórt tilfelli.
- Opt verður auðsins herra hans þræll.
- Opt verður bráðkvödd vináttan, þá vantar auð og virðing.
- Opt verður dygðin döfnunarlítill, þegar lasta þynnar umkríngja hana.
- Opt verður dýr maðr úr dálitlum pilti.
- Opt verður einræðið að ólukku.
- Opt verður eins mans virðing annars forakt.
- Opt verður epirætis-barn afguð (ángr) sinna foreldra.
- Opt verður ervidt vel að gjöra.
- Opt verður falskr af fölskum svikinn.
- Opt verður fánýtt að fullu gagni.
- Opt verður fátæk kona furstans kóróna.
- Opt verður fávís frí fyrir neti.
- Opt verður fis að fótakebli.
- Opt verður gamall narri.
- Opt verður glaumr handa for geira flugum.
- Opt verður góðr hestr úr göldum fola.
- Opt verður góðr vani af vondum yfirstígunn.
- Opt verður grátt gaman af griðkonu deilu.
- Opt verður grís af úlfi studdr.
- Opt verður hefndartíð til batnaðar vondum lýð.
- Opt verður hugprýðin að ofdyrfð.
- Opt verður hvinn að uppheingjandi þjóf.
- Opt verður illr fyrir ódásir hugaðr.
- Opt verður illr ófyrirsynju upphafinn.
- Opt verður illr óvart að gagni.
- Opt verður lángr að lúta.
- Opt verður leynilig synd opinberliga ströffuð.
- Opt verður lið að lítilmagna.

- Opt verður ljótt gaman af litlu efni.
- Opt verður mikill eldr (stórt bál) af litlum neista.
- Opt verður náttúran yfirunni af yðkun dygðanna.
- Opt verður offljótr eptirá ofseinn.
- Opt verður ókominn dagr umliðnum verri.
- Opt verður olboga barnið yndi sinna foreldra (æðst siuna systkyna).
- Opt verður ótrúum endrgoldið með einsháttuðum varningi.
- Opt verður óttalaus óvarliga yfirfallinn.
- Opt verður kvalræði af konum.
- Opt verður réttvísi að harðýðgi.
- Opt verður rænan að rýma fyrir hræzlunni.
- Opt verður sá annars þurfi, sem síuam hefir auði amað.
- Opt verður sá aumastr stafkarl, sem á ríkasta foreldra.
- Opt verður sá frægr, sem fyrri kemr á hólum.
- Opt verður sá margan vann af einum yfirunni.
- Opt verður sá yfirunninn af því minna, sem er óhræddr fyrir því meira.
- Opt verður skammvinnt illá feiugið arfagóz.
- Opt verður sparsemin að nízkú.
- Opt verður straffið því stærra, sem því seinkar meira.
- Opt verður trúgjarn tældr í ólukkuna.
- Opt verður vaninn að varauligri náttúru.
- Opt verður var um sig veiddr.
- Opt verður vinfastr ástsælastr.
- Opt verður vinskaprinn vistarstuttr (vinn í dag, óvinn á morgun).
- Opt verður um einn pening stórt stríð haldið.
- Opt verður úngr asni gamall grobbfán.
- Opt verður úngr grís gamall gölfr.
- Opt verður vondr vani af góðum yfirunni.
- Opt verður vondr verri, ef vegs er leitað.

- Opt verður vondr verstr sjálfum sér.
- Opt verður vondr vítr fyrir skammir.
- Opt verður það á ræfrum þrèdikað, sem í svefnhúsum er hjalað.
- Opt verður það útideyfa, sem snemma er ráð fyrir gjört.
- Opt verður þèttlyndr þúngr í skauti.
- Opt verður þrályndr að þagna með skömm.
- Opt verður æskunnar eptirlæti að ellinnar meinlætum.
- Opt verður öflugum allfátt (atburðalaus, ofrliða börðinn).
- Opt vex drambsemin í dygðanna kransi.
- Opt vex rósina meðal þyrna.
- Opt vill tignast vel, sá lítt til lofs sér vinnr.
- Opt vinnst sigr í seiuni ferð.
- Opt vinnst það með lempni, sem ekki vinnst með makt.
- Opt vinnr sá, sem undanlætr.
- Opt urðu þeir tilbaka, sem undan fóru.
- Opt vyrðist velgjörðin ekki fyrir velgjörð.
- Opt yfirvinnr vondr vani góða náttúru.
- Opt ýfist sök til ógagns.
- Opt þarf einnrar stundar verk margra ára forsvar.
- Opt þig tælir sá þú trúað hefir.
- Opt þjóna tíu fyrir eins manns lukku.
- Opt þykir náþúa kýrin betri enu síu eigin.
- Opt þýtr orð um eyra.
- Opt þear hræddr áu þarfar.
- Ókvíðin samvizka er öruggur múrveggr.
- Óráðið er að sá finnist, er ei meigi aðfinna.
- Óráðvandr heldr verri skaðann enu skömmina.
- Óráðvönd dóttir skyldi ætíð heima sitja.
- Orð af illum gjörðum, ætti hvör að forðast.

- Orðalaus gleði er ófullkomin.
 Orðamælgí ber ætíð að varast.
 Orðanna (orða sinna) er hvör ráðandi.
 Orða sinna á hvör stað.
 Orð bíðr orðs (orð af orði orðs krefr).
 Orð eru til alls fyrst.
 Orðgnótt og speki fylgjast ei alltið að.
 Orðin voldugra vilja hafa geingi.
 Orð skal gjöra ótalandi börnum.
 Orðstýr deyr aldrei hveim sér góðan getr.
 Orðstýr hærri getr enginn fundið, enn að hann við
 synd sjái.
 Orðvar er opt syndvar.
 Orminum er skapfeldast að skrifa.
 Orrir gestr við gest.
 Ósamheldi gjörir aflausa þá sterku.
 Ósamlyndi er móðir armóðsins.
 Ósamþykku húsi er hætt við falli.
 Ósanna skal óviuarins mál.
 Ósènar eignir kann enginn að öfuuda.
 Ósiðu illa forðist, sá í friði vill lifa.
 Óska varliga þess, sem vandi er á.
 Óskilið mál fær órèttan úrskurð.
 Ósnotrir þykjast allt vita.
 Ósnotr maðr ef eignast fè, metnaðr hans þróast, en
 mannvit aldrei.
 Óstaðfestin aðskilr vinina.
 Óstöðugleikinn er hinn stöðugasti, því hann bregzt
 aldrei.
 Ósvinnr maðr er sá, sem einum segir allan hug.
 Ósvinnr maðr finnr ei, þó hann sè dáraðr í dul-
 mælum.

Ósvianr maðr hyggst æ muni lifa, ef hann víð vígi varast.

Ósvianr maðr hyggur sèr alla viðhlæendr vini.

Ósvinur maðr vakir allar nætr, og er að morgni svo vís sem hann var.

Ósvinnr maðr veit sèr aldrei mál-maga.

Ósvinnr maðr þykist allt vita, ef hann finnr sèr ei annaun vitrari.

Ótamt veitir þeim, er ekki kaun.

Ota þarf fram aptreknum.

Ótraust sverð er tveggja manna hræða.

Ótrú og fals slær sinn eigin herra um háls (ótrú svíkr sinn eigin herra.

Ótrúr vinr er verri enn óvinr.

Óttar er fremst í flokki þá flýa skal.

Ótti er örkvísi ættar hvörrar.

Ótti og elska þenaranna staðfestir best stjórn yfir-mannanna.

Ótti fyrir straffinu hindrar margan illt að gjöra.

Óttinn hefir guðina gjört.

Óvandari er eptirleikrinn enn sá fyrri.

Óvina munnr mælir engum vel.

Óvinar síns skal enginn vina vinr vera.

Óvísar eru brautir hins auðnusama.

Óvís er auðlegðar endir.

Óvizka er illgirniunar systir.

Óvíst er hvör að annars höfði hleðr (hvör annann grefr).

Óvíst er hvör auranna nýtr, þá öndina þrýtr.

Óvíst er hvört lengr endist líf eða litlir aurar.

Óvitrligt bragð er að spotta ókuuna menn.

Óvæntum gjörir fá óvænta máltíð.

Óvænu efni snýr guð opt til góðs.

Óþakklæti er vottr illrar náttúru (er æðst meðal)
allra lasta.

Óþokkinn er þræll slunnar auðlegðar.

Óþokkinn liggr á auði, sem ormr á gulli.

Óæðra bekk að byggja, skyldi engan bryggja.

Óætisfiskum skal útkasta, þó feitir og fagrir sèu.

P.

Partr er skorinn skamtr.

Passlig pylsa er bezt.

Passligt þrjál þrýðir flesta, en um of alla skemmir.

Peníngarnir eru afslinar útréttinganna.

Peníngur er peníngs bróðir.

Peníngur er krínglóttur, svo hann velti milli allra
landa.

Peníngurinn gjörir þskuna gírníliga, jafnvel þó él
annað haf.

Peníngurinn veitir álit og eðalborinheit, því er hand
höfðungi í hvörri sveit.

Peníngurinn þegir, og orkar þó miklu.

Penninn kann opt að vinna meir enu sverðið.

Persónan er peníngnum betri.

Pètr hefir nógar fingur, þó einn fari.

Plága er píslarvætti.

Prestagóz plagar ei leingi vara.

Presta (prófasta) plógr er penínga rógr.

Prestfiskur er fagr og magr.

Prett skal ei með pretti betala.

Prettr er aldrei rèttur.

Þrjálið láttu þèr fara frá.

Þrjál og skraut kemr mörgum í þraut.

Þrófa allt áðrenu þú úrskurðinn áleggur.

Prófsteinninn reynir gullið, en gullið manning. *Þú ert*
 Prófsteinninn sýnir metalsins mæti. *Þú ert*
 Prúðlyndið er prýði göfugra manna. *Þú ert*
 Prúðr er hvör meðan peningrinn stoðar. *Þú ert*
 Prýð það embætti, sem þú ert í. *Þú ert*
 Pátur elska mútur. *Þú ert*
 Pátur eru presta frillur. *Þú ert*
 Pátur þurfa ei kvíða, þínkil fá þær víða. *Þú ert*

R.

Ráðabreytni verður opt lukku breytni. *Þú ert*
 Ráðagjörðin ríðr á undan. *Þú ert*
 Ráð eptir gjörð eru ei mikilsverð. *Þú ert*
 Ráð er að forakta ei ráð hins auma. *Þú ert*
 Ráð er að sjá við svikum. *Þú ert*
 Ráð er betra enn röskligt afl, þá rekkar kljása
 drumba. *Þú ert*
 Ráð er betra að raun sè góð, enn raup mikið í orði. *Þú ert*
 Ráð er gjörandi gáta. *Þú ert*
 Ráð eru góð ef gefast, nýt ef þú nemr, þörf ef þú
 þyggr. *Þú ert*
 Ráð eru raunar (í raun) góð. *Þú ert*
 Ráðfátt verður rögum þrátt. *Þú ert*
 Ráð fræðir réttvísan. *Þú ert*
 Ráðgast helzt við réttvísa menn. *Þú ert*
 Ráð hefir sá á reipi hældt. *Þú ert*
 Ráðhollir og trúir þenarar eru kóngsins beztu ger-
 semar. *Þú ert*
 Ráðhollr vertu, rættðæmr og reiðistiltr, og muntu
 þær lofs leita. *Þú ert*
 Ráðið gefr vísdóm og víðsjálni. *Þú ert*
 Ráðrík er syndin í þeim rángláta. *Þú ert*

- Ráð skal fá hjá reyndum vin.
 Ráðs-maðr og ræktar skal fyrir kyrkju setjast.
 Ráðstu ei á það, sem ofvaxið er mannligri orku.
 Ráðsvinnr maðr tekr fyrst ráð það bezta.
 Ráðum verðr rýmdr frá sér lagi.
 Ráðvendum er affaragóð.
 Ráðvendui og haldinyrði eru beztu ráð mót lýgi og baktali.
 Ráð þú hvörjum heillt af hjarta.
 Ráð þú smíðum þínum, eg mun ráða ferðum mínum.
 Ragr (linr) bartskeri gjörir súin sár.
 Ragr er sá við rassinn glímir.
 Ragr er sá sem renur fyrir öðrum einum.
 Ragr hundr er ákafari að gelta enn bita.
 Ragr maðr ber bleyði fyrir, en bríxlyrði á baki.
 Ragr maðr fiplar aldrei fríða konu.
 Ragr maðr kann traudt sínu óvin að yfirstíga.
 Ragr og áleitinu má reisandi vera (er réttir formaðr).
 Ragr óvinr skaðar leyniliga, en hugprúðr opinberlaga.
 Rakst krókr á hala haus.
 Ramr er örn í sátri.
 Ramvilt er hamngju hjólið.
 Rángfeingið fè er rífrð í húi.
 Rángfeinginn ríkdómr er volæði verri.
 Rángfeingið vald er af öllum hatað.
 Ránginda skal ei með rángindum hefna, heldr rétti.
 Rángleátr er rángleáts bróðir.
 Rángleátr má ei saka sínu maka (líka).
 Rángleaga gefið kemr sjaldan aptr.
 Rángr gróði er grandnæmastr.
 Rasa ei fyrir ráð fram.

Rasið er opt orsök til rammligrar villu.

Rata skærin götu sína.

Raun er að vera að verki með þrælum.

Raun er rætt dreingr.

Raung heyru (eptirtekt) gjörir rángan framburð.

Raung vog, stika og mælir orka reiði.

Raunin er ólýgnust (er ljósast vitni).

Raunin sèst bezt þá rekr í þrautir.

Raupaðu ekki af þinni vizku, en lát raunina sýna hana.

Raupaðu ekki meira enn þángað til full er skjóðan.

Rauparans fè er stærra enu hans hyrzla.

Rauparinn hefir fullar gupnir af geipi.

Raup er rags manus gaman.

Raustin auðkennir fuglinn.

Refa trú er öllum ótrú.

Refi er gildra gestahús.

Refr er geinginn í gildru.

Refr hrafi ráð gefr.

Réfrinn sem vill fiskinn fánga, má að minnsta kosti klærnar væta.

Reiði er illum ónýtt (er beruskra manna bevísing).

Reiði er sjaldan rættvís (rættorð).

Reiðin er brýni hugprýðinnar (böðull allra lasta).

Reiðin er rángs hugar verk (stutt æði, verstr ráð-gjafi).

Reiðin gjörir útlæga skynsemina.

Reiðinn maðr fyllist rángs hugar, ei hann satt kann segja.

Reiðin og vín lætr hjartað segja til sín.

Reiði skal rúm gefa.

Reiðr rækjandi ræðir það helzt, er hann vildi sízt satt vita.

Reiðitregi skyldi réttsinnaðr maðr.

Reiði-yrði eru ei rëttyrði.

Reiðstu ei meir eun raun tilber.

Reiðstu ei þeim, sem raunar vill gott, (þeim, þær
ræðr heillt.

Reiðstu ei þínum maka, því það míkar þína virðing.

Reikningsskapr fyrir rëttvís orð og verk, er ei
óttaligr.

Rek burt hrygð úr hjartans bygð.

Rekkjuvoðin hefir sínar deilur.

Rekr enn skötu á þirlí.

Rekr tídt, þó rói eg öllum árum.

Rënar hugr, þá ragr er dugr.

Rennr blóð til skyldu.

Rëtt er að ræna, sagði refr, (enginn hefir það guð
ekki gefr).

Rëtt er bezt, en rángt er verst.

Rëtt er guði gjörvallt að þakka.

Rëtt er satt.

Rëtt er þó ríkir deyi.

Rëttfeingið og rëttbrúkað fè, er til æru þeim, sem
áheldr.

Rëttkveðið er sérhvað satt.

Rëttlátr hefir sjaldan ríkr orðið.

Rëttlátr vaktar sín verk.

Rëttlætíð og rentugjöld eru ríkjanna höfuðstólpar.

Rëttlæti er röskum stallbróðir.

Rëttu að honum laungutaungina, 3: forsmáðu hann.

Rëttvísín er manndygðanna móðir (rót allra dygða,
upphëfr manninn bezt).

Rëtrinn og mútan eru hvörs annars óvínar.

Rëtr og saunr aðall kemr af dygðinni.

- Rèttir reikníngr gjörir góðan stallbræðraskap.
- Rètt þig eptir rekkjuvoðunum.
- Reykja skal til rétta.
- Reyndin gjörir það gott.
- Reyndr maðr er jafnan þolinmóðari, enn hinn óreyndi.
- Reyndr veit, en óreyndr tortryggir.
- Reynd vinnr óvissn.
- Reyn hvað réttast (sannast) er, svo þú rasir ekki fyrir ráð fram.
- Reyn hvað sannast sè, áðrenn þú segir.
- Reynslan anglýsir alla hluti og þeirra náttúru.
- Reynslan er allra manna skólameistari.
- Reynslan kennir meira enn konstin.
- Rískari er eign enn umboð.
- Rískari verðr (hlýtr) að ráða.
- Rískar teingðir reka margan í þrældóm.
- Rískastr er hvör hugspakastr.
- Rískdómian skal rækja, en ekki hjartað við hann festa.
- Rískdóm og vellyst rækja flestir.
- Rískdómrinn er góðr og vondr, eptir því sem hann er, sem á honum heldr.
- Rískdómrinn er góðr þeim, sem hann rétt brúka.
- Rískdómrinn er snara mörgum þeim, sem eptir honum sækja.
- Rík er kynfylgjan.
- Ríkir eiga vól á vinnum.
- Ríkir menn forðast gjarnan félagskap þeirra fátæku.
- Ríki sitt skal ráðsnotr hvör í hófi háfa.
- Ríkismanna hylli er flanta fylli.
- Ríkismanna reigínguum er viðbrngðið.

Ríkra manna lygar eru ljósum sannindum fátækra fríðari.

Ríkr án skynsemdar er sem taumlaus asni, sem ber mikið gull og gersemar.

Ríkr ef ert, gleym ekki fátækum.

Ríkr geingr rósum á, ráfar snauðr þyrnum hjá.

Ríkr maðr er öfundaðr, en fátækr foraktaðr.

Ríkr sjúkr eignir á, ekki sèr þó bæta má.

Ríkum lánað leggst í lóg.

Rír er heimburðarbaggiinn (vetrar heimburðriinn).

Rír er kotúnga sæla (rænt malr).

Rírt er óskafèð.

Rírt verðr lof, þá rênar lukka.

Rírt verðr raupið, þá rekt til baka.

Rís enn reykr úr bröndunum (rekr úr böndunum).

Ríta mun göltrinn, ef grísinn er drepinn.

Ró er bæar prýði (þá reiðin dvía).

Rógs túngu ber að reka úr húsi.

Rógrinn er kærleikans mesta plága (ruglar almenniligum fríði).

Rólig fríheit eru betri enn stórt embætti og auðlegð.

Rósamt er það líf, sem sèr er einskis ílls meðvitandi.

Rósamt líf með hugprýði holl eru gæði.

Rós er opt meðal þyrna.

Roskinn múgr er ráðadrjúgr.

Rotaðr köttur rýfr aldrei mús.

Rótast mundi móðir vor í moldinni.

Rót dygdanna er röm, en allsætr ávöxtur.

Rotna verðr sæði fyrrenn færir ávöxt.

Rót skynseminnar fínar ekki.

Rúm er öllu ætlað af guði.

Rustinn fær sitt nafn af sínum háttum.

Rustinn ofmettr er ófyrirsinju borðsettr.
 Ryðja verður voða úr veigi.
 Rýfinn klæðnaðr táknar hyrðulausan.
 Rýkr að þeim ragastr er.
 Rýkr ekki reykrinn í augun.
 Ræðan ávísar röksemdina.
 Ræðr hvör orðum og illum aðskotum.
 Ræk ei grunsemi nè rægitúngu.
 Rækja ber jafnaðargeð, ef gott er.
 Ræki hvör sitt hreiðr, því ekki er sumar alltið.
 Rækt og elska heldst helzt við gamla lýði, þeim er
 þurftugum dugir.
 Ræk þína alla ætt.
 Ræk þín hús og hjú.
 Röm er sí-gæfan (ógæfan).
 Röm er reykjarsvælan.
 Röm eru reiði-tár.

S.

Sá á allt, sem allt gefr.
 Sá á björnu, sem banasár veitir.
 Sá á ekki fjárs síns ráð, sem ekki er fulltíða.
 Sá á fè, sem ekki er fæddr (borinn).
 Sá á frjálst, sem áleggrr.
 Sá á fund, sem finnr, ef enginn flunst eigandinn.
 Sá á færst, sem flestu stelr.
 Sá á hálfan rætt á sèr, sem í gestaboð óboðinn inn-
 geingr.
 Sá á helzt að aktast, sem yfir er settr.
 Sá á hund, sem elr.
 Sá á jafnan góðs að vænta, sem engum nema gott
 auðsýnir.

- Sá á ills vou, sem öllum vill illa.
 Sá á kjörin, sem kastar stærst.
 Sá á konu, sem kaupir.
 Sá á langt heim, sem að óvísu landi leitar.
 Sá á leikinn, sem síðar kastar (sem síðar teblir.
 Sá á lykt sem fyrst fiunr.
 Sá á mest að virðast, sem þess er verðugastr.
 Sá á kvöl, sem á vól.
 Sá á sök á máli, sem móti er gjört.
 Sá á þarfan hlut, sem á þrifna konu.
 Sá beiðir er þarf, hiun veitir er vill.
 Sá belgr er tómur, sem af annars viti er uppblásiun.
 Sá ber böl, sem hamíngjan hatar.
 Sá biðr ekki leingi, sem fljóta úrlausn fær (fljótan náttverð).
 Sá biðr hjartauligast um brauð, sem húngraðr er.
 Sá bindr fjandaun, sem bjargar óverðugun.
 Sá bindr sig í mikið, sem mútuna þiggr.
 Sá bítr sárt, sem sig þarf að verja.
 Sá blindar augun, sem ber fè í dóma.
 Sá býðr sitt hár, sem annars reitir.
 Sá bætir synd við synd, sem hana forsvarar.
 Sá dafnar bezt, sem drjúgliga neytir.
 Sá dauði hefir sinn dóm með sèr.
 Saddr veit ei hvar svánger sitr.
 Sá deyr enginn, sem dýrt kaupir.
 Sá dó í reyk, sem reykiun seldi.
 Sá drepr opt fæti, sem anguauna missir.
 Sá dylst leingi, sem dugir að smjædra.
 Sá ei hefir, týnir eingu.
 Sá einu veit, sem reynir (sem svánger er).
 Sá einu veit, sem síus barns augu sèr.
 Sá ei vill öðrum laga unna, skal ei laga njóta.

- Sá ekkert gjörir, lærir illt að gjöra.
- Sá ekr góðu hlasi í garð, sem fær góða konu.
- Sá eldinn vill hafa, hlýtr reykin að þola.
- Sá er britinn verstr, sem sjálfan sig tælir.
- Sá er bundinn í báða skó, sem óttinn og elskan bindr.
- Sá er dreingr, sem viðgeingr.
- Sá er eins stór narri, sem hlær að öllu, og hinn, sem setr allt fyrir sig.
- Sá er ekki alltið forsjáll, sem öðrum ráðleggr.
- Sá er ekki alltið (alla daga) þræll (vesæll), sem eina nótt er sæll.
- Sá er ekki gleðivandr, sem gamnar (leikr) sèr að hrosshausnum.
- Sá er ekki klókr, sem ekki kann sig.
- Sá er ekki leingi sæll, sem leingi og djarfliga syndgar.
- Sá er ekki sjálfráðr, sem öðrum er háðr.
- Sá er ekki sterkr, sem ekki er staðfastr í neyðinni.
- Sá er ekki verðugr auðs, sem ekki vill hryða.
- Sá er ekki verðugr ærunnar, sem hana vill ei þiggja.
- Sá er ekki vís, sem margt veit, heldr sá sem nyt-samt veit.
- Sá er enginn barinn, sem húsbóndans skipan gjörir.
- Sá er enginn daufr, sem drottai (guð) heyrir.
- Sá er enginn einn, sem guð er með.
- Sá er enginn glaðr, sem annann þreyr.
- Sá er enginn heill, sem í huga er veikr (hugrinn kreiukir).
- Sá er enginn heimskr, sem veit hvað sèr hæfir.
- Sá er enginn hræddr, sem réttlætið óttast.
- Sá er enginn (varla) (ekki) lastandi (er lastandi), sem leysir sitt líf ljúgandi.

- Sá er enginn leppalúði, að ei vil fá sér brúði.
- Sá er enginn ólánsmaðr, sem enginn hefir ólán af.
- Sá er eldrinn heitastr, sem á sjálfum brennr.
- Sá er fárlligastr fjandmaðr, sem hefir hírligt yfirbragð, en hatrsfullt hjarta.
- Sá er fátækr sem er víðar og ekki þrífst.
- Sá er fátækr, sem vill verða ríkr.
- Sá er flærðum nærstr, sem fjandanum er kjærstr.
- Sá er fornkveðinn orðshátt.
- Sá er frjáls, sem fer úr landi.
- Sá er frjálsari, sem úr heiminum fer, enn hinn er í hann kemr.
- Sá er fugliann verstr, sem í sjálfs síns hreiðr drítr (yfirgefr).
- Sá er gjaruan til friðs, sem góða samvizku hefir.
- Sá er heiðrsverðr, sem engum gjörir órétt.
- Sá er heimskr, sem hús sitt setr eptir hvörs manns sögu (ráði).
- Sá er hinn vesælasti, er sínum lífdögum eyðir í heipt og hatri.
- Sá er hvepsinn í dag, sem hánga á á morgun.
- Sá er hvörki prestr nè gestr, eg meti ei sjálfan mig mest.
- Sá er hvör vaskr, er sig ver, við hvörn sem hann á.
- Sá er hyggiinn (sterkr), sem hvörskyns ógæfu getr borið.
- Sá er höfðingjans vinr, sem honum gefr.
- Sá er jafnan grunaðr, sem fyrst hefr upp ákæruná.
- Sá er illa yfirstiginn, sem ei getr sinnar bræði bundist.
- Sá er illa ör, sem á annars er.
- Sá er illr viðreignar, sem ref ber í brjósti.

Sá er kostrinn beztr og hollastr, sem bæði mettar og mátkar.

Sá er langt frá höfðingjunum, sem er frí fyrir þeirra yfirgáangi.

Sá er lýttr, sem ekki fylgir lands-siðnum.

Sá er makliga hræddr, sem háttsemina ei hafa vill.

Sá er margr (tíðum) boðinn, hann er ekki svarinn.

Sá er margr hvolpr heima, sem ljón er langt frá.

Sá er margr kjörinn, hann er ekki krýndr.

Sá er nærstr að herja, sem sig vill ei verja.

Sá er nærstr skaðanum, sem sitr leingst frá borði.

Sá er Oddr, er fórr til Bjarmalands.

Sá er ofarlíga haltr, sem á höfðinu er fatlaðr.

Sá er ófróðr, sem einskis spyr.

Sá er ógöfgari og minni, er öðrum fóstrar barn.

Sá er opt líflaus, sem er húflaus.

Sá er óþolandi dári, sem vill allt sè eptir sínu geði.

Sá er prísverðastr, sem mest prýðir dagfarið með dygðunum.

Sá er rættilíga forsjáll, sem rækir betr sálina enn líkamann.

Sá er sigrinn beztr, sem án blóðs er unninn.

Sá er skattrinn beztr, sem með skilum er feuginn.

Sá er skyldr að leysa annars vandræði, er aðspyr.

Sá er stallbróðir beztr, sem er trúr.

Sá er svinnur, er sig kann, og sèr hvað hæfir.

Sá er sæll, er sjálfr má sína nauðsyn bæta.

Sá er sæll, er sínu ann (sem er áuægðr).

Sá er vegr beztr, sem greiðist til batnaðar.

Sá er vegr villr, sem hafskip hleypr.

Sá er vel vís, sem vís er af annars skaða.

Sá er verðugr að bera eðalsteina, sem er prýðdr með eðla-dygðum.

- Sá er verðugr gott að þiggja, sem það vel þakkar.
 Sá er verðugr virðingar, sem við henni tekur nauðugr.
 Sá er verðugr síns kjöts, er sitt kál át.
 Sá er verst þrælkaðr, sem vellyst og hrygð undir-
 eins ástríðir.
 Sá er vinr, sem veita kann (til vams segir).
 Sá er vinr öðrum, sem villt (heilitt eitt) segir.
 Sá er vís, sem í hendinni er.
 Sá er vís, sem stendr í sjálfs síns ljósi.
 Sá er vitr, sem hverfr þar frá, sem hann fær ekki
 fáng á.
 Sá er vitr, sem í tíma þegir (sem hlýðir góðum
 ráðum).
 Sá er þjófrinn verstr, sem úr sjálfs síns hendi
 stelr.
 Sá er þjóninn trúastr, sem elskar sinn herra.
 Sá er ærulaus, sem er agalaus.
 Sá er ættliðrinn eðalligastr, sem óttast guð.
 Sá etr flest, sem færst á.
 Sá falski hefir Jacobs raust og Esau hendr.
 Sá fátæki hefir fè innan opiinna dyra.
 Sá feingr er ónýtr, sem engum kemr til gagns.
 Sá fèkk ei allan sinnu vilja, sem sá siunu föður
 heingðan.
 Sá fèkk kamb til hárs síns, segist um þann sem
 illa giptist.
 Sá félag gjörir við guð, gakk frá honum ei (geingr
 ei frá honum).
 Sá fellr harðast, sem á hæl dettr.
 Sá fellr opt, sem fangið býðr.
 Sá felst, er sig finnr sakbitinn.
 Sá fer ekki sekr af þingi, sem sjálfr á að dæma.

Sá fer margr með bogaun, sem ekki kann að toga hann.

Sá fer seint (tregr) á skógiun, sem hræðist hvörn fauskinn.

Sá finnr að, sem um er hugað.

Sá finnr margr fè, sem ekki finnr frægð.

Sá firrir annanu fè, sem fola kaupir, nema kviga komi á mót.

Sá flær sem fantr, sem fær ei kropp úr skinui.

Safnast þegar samaukemr.

Sá fugl, sem lengi sefr á sínu sæng, fær lítið fyrir sitt nef.

Sá fær byr, sem býr.

Sá fær ervidt, sem leingi villist.

Sá fær heiðarligt álit, sem hagar sèr vel hjá mönnum.

Sá fær uamt kaup, sem neyðist til að hlaupa.

Sá fær ópt sorg fyrir gleði, sem giptist.

Sá fær ópt virðinguna (æruna), sem minnst sækist eptir heuni.

Sá fær, sem falar.

Sá gaf, sem allt átti (þ: guð).

Sá gaf, sem aldrei átti (þ: djöfulliun).

Sá gaf kú, sem eina (euga) átti.

Sá gefr ekkert, sem gjöfinni seinkar.

Sá gefr hljóð af sèr, sem á kemr.

Sá gefr tvisvar (tvöfaldr), sem fljótt gefr.

Sá geingr ei einn til verks, sem annar fylgir.

Sá geingr margt á mis, sem margt girnist.

Sá getr sett þig á bak.

Sá geymir dýrt, sem friðinn geymir.

Sá gjörir bezt, sem er sjálfs síns erfingi.

Sá gjörir ekki öðrum gagn, sem einskis vill ímissa.

- Sá gjörir falt, sem við býðr.
- Sá gjörir seint til góða, sem ekki gefr fyrrenn hann er beðinn.
- Sá gjörir sig opt veikan, sem annann gjörir sterkan.
- Sá gjörir villuna (gátuna), sem geingr að og steir.
- Sá góðu sáir, mun gott uppskera.
- Sá grèt ei fyrir gull, sem ei átti (sem gull fékk ei að sjá).
- Sagt getr maðr margt sumarlángan dag.
- Sá hefndist lítt, er sjálfan sig ljó.
- Sá hefir allt, sem guði treystir (guð er með).
- Sá hefir allt, sem kjapta kann.
- Sá hefir ei, sem ei hættir)
- Sá hefir ei (fær ei) veiðina, sem ei vill væta sig.
- Sá hefir etið skaða egg, sem ei kann að þegja.
- Sá hefir fullt í fangi, sem við fjandann glýmir.
- Sá hefir gæfu, sem guð vill.
- Sá hefir góðan reiðskjót, sem náðin Drottins ber á höndum.
- Sá hefir hálfnað verkið, sem hefir vel byrjað.
- Sá hefir krás, sem krefr.
- Sá hefir minnst, sem mest girnist.
- Sá hefir nóg, sèr nægja lætr.
- Sá hefir opt, sem fyrst sinjar.
- Sá hefir ráð, sem tagli (reipi) heldr.
- Sá hefir (ver, vinur) sitt mál, sem þrástr er.
- Sá fær tvöfaldt ágæti, sem ei lætr á sèr sýnast, að hann þykist ágætr.
- Sá hefir vel skotið, sem hæfir sinn óvin.
- Sá hefir það fyrsta salið goldið, sem með þökkum þiggr velgjötuðinginn.
- Sá heimski heldr hvöru mann heimskari sèr.
- Sá heyrir gjarnan mörgum, sem margt vill læra.

Sá hinn huglausí hræðist, fyrrenn háskinn er á ferðum.

Sá hlaut (fèkk) skellinn er skyldi.

Sá hlýtr að vera saurugr, sem í saurugt geingr.

Sá hlær margr, sem ekki er gladt um hjartarætrnar.

Sá hreppir gæfu, sem góðan granna fær.

Sá hrækir margr hraustliga, sem ekki er heilbrygðr.

Sá höggr sig sjálfan, sem saklausan deyðir.

Sá jafnar síðurnar, sem um hrygg veltir.

Sá í botninn fer, veit hvörsu bjart þar er.

Sá jetr mest úr fatinu, er fjærst því sitr.

Sakaðr skal ei segja fram vitni.

Sá kann að haga skautinu eptir veðrinu (að snúa snældunni sinni).

Sá kann að heiðra hoffólkið.

Sá kann ekki (hefir ekki) að segja af súru, sem aldrei sýpr (bítr) nema sætt.

Sá kann ekki að keira, sem ekki kann að snúa.

Sá kann ekki að ríkja, sem ekki kann að svíkja.

Sá kann ekki að stela, sem ekki kann að fela.

Sá kann ekki að stjórna, sem ekki hefir lært að þena.

Sá kann ekki gott að þiggja, sem ei þakkar.

Sá kann frá mörgu að segja, sem margt hefir séð og reynt.

Sá kann hvast sverð hunangi smyrja.

Sá kann margr að vera rættsýnn, sem er nízkr.

Sá kann varla grein góðs og ílls, sem lastar það sem lofsverdt er.

Sakaráberi á að vera fyrir hvörri sök.

Sá kemr dagr, að svínið þarf síns hala.

Sá kemst aldrei hátt, sem ekki hugsar nema smátt.

Sá kennir öðrum vaðið, sem undanríðr.

Sakleysið er sá beztí kastali.

- Sá kló, sem kunni.
- Sá knúfr þarf hvass (beittr), sem hórkarliann geldir.
- Sá lagar mörgum mismæli, sem margt talar.
- Sálar-góz gefr andlits fegurð.
- Sá leggr á, sem frjálst á.
- Sá leggr snöru fyrir sjálfan sig, sem aðra saman-
rægir.
- Sá leingi vonar að lifa, gleymir því hann muni deya.
- Sá lifir ei leingi, sem lítið geingr á móti.
- Sá lifir lengst, sem lengst jetr (drekk).
- Sá lógar fði sínu, sem lánar þeim ríka.
- Sá lógar mörgu mismæli, sem margt talar.
- Salómous asui er svíðingr hvör.
- Saltið bætir allt, nema mjöl og malt.
- Sá lýgr margt, sem margt fleiprar.
- Sá má drekka, sem engu gleymir þarfyrir.
- Sama er á blaðinu (bræfinu).
- Sama er mðr, hvör góðr maðr gjörir.
- Sama er svín á soði brent.
- Sá má fullvel fasta, sem fisk hefir á borði.
- Sá má hafa breiðau lófa, sem byrgir fyrir allra
munn.
- Sá má láta sinn vilja, sem lifa skal eptir vild síns
herra.
- Sá má kallast mikill, sem veit, vill og getr.
- Sá man annann, er hann mest þreyr (anu, sem
lauk sendir).
- Samandregr flautamenn og maura.
- Saman er bræðra eign best að sjá.
- Saman klúngja spekingar.
- Saman liggja veðr og óveðr.
- Saman renna (skríða) niðingar.
- Saman sækir sífja (sífjað) blóð.

Sama rignir og sama snjóar sérhvört ár.
 Sá má svara djarflega, sem gjörir ærliga.
 Sá má vera hraðfættr, sem hleypr við dauðann (sem
 rifinn er).

Sama (samt) þýtr í þeim skjá, þó ekkert sè gatið á.
 Sami er maðrinn, þó annarr sè kyrtillinn.
 Sami kokkrinn hríngir.

Sami rýkr selðrinn.
 Sami saur er verstr.

Sá missir ekkert, sem ekkert hefir (á).
 Samlíkir fuglar fljúga sèr í hóp.

Samlyndi eblir lítilmagna bezt.
 Samlyndfr samsveitast bezt.

Samlyndi trúlyndra er það bezta eptirlæti.
 Samr er glópr, þó gyltr sè ljúpr.

Samr er maðr, þó fingrgull fjölgi.
 Samr er þræll saurugum verkum.

Samsinnu ei fillt með illum.
 Samtal er sorga læknir.

Samt er gött barn við sig (samr er hann við sig).
 Samt er krákan svört, þó henni sè baðið gjört.

Sá mun þrifast, sem þarfr er.
 Samvizka góð er sælgæti lífsins.

Samvizkunnar dómr er hinn sannasti.
 Samvizkunnar sök hefir opt illþung orðið.

Samþykki er staðanna styrkr.
 Sannarligt lof er ekki um of.

Sanngirni er sátta móðir.
 Sannleikans er hvör verðr.

Sannleikanum verða menn sárreißastir.
 Sannleiks orðin eru einföld (eru beiskr pípar).

Sannleikrinn er sagna beztr (betrar sérhvört mál).
 Sannleikrinn er sagnafár, lýgin lángröð.

- Sannleikrinn kemr opt ófyrirsynju í ljós.
- Sannleikrinn sökkur niðr stundum, en kafnar þó aldrei.
- Sannmælt kvinna á sér fá vini.
- Sannkveðið er saugrinn beztí.
- Sá nýðist opt á sjálfum sér, sem ekki gjörir það á öðrum.
- Sá nýtr falls, sem fær af betra.
- Sá nýtr opt annars, sem óverðugr er sjálfr.
- Sá nýtr opt, sem ekki skyldi.
- Sá nær vel heim, sem lendir í himnaríki.
- Sá ógípti sparar sitt líf frá lángrí mæðu.
- Sá óttast ekki ólukkuna, sem eptir henni bíðr.
- Sá óttast í stokkinn (sekkiun) að fara, sem sat þar áðr.
- Sá peníngur má vera dýr, sem sóktr er um þveran heiminn.
- Sá þúgr er tómr, sem annars peníngur er í.
- Sá ráðvandi artar sjálfan sig bezt.
- Sárari eru sönn bríxlyrði, enn login lastyrði.
- Sá rennr ei tilbaka, sem rétt geíngur.
- Sár er sundmagabólan (systkyna reiði).
- Sá ríðr seint úr hlaðinu, sem snemma bindr sporana.
- Sá ríki etr nær hann vill, sá fátæki nær hann fær nokkuð.
- Sárt bítr soltin lús.
- Sárt býr þú nú við mig þóra, sagði Haraldr gylli.
- Sárt er sverð í nýrum.
- Sá ræðr mundi, sem mey gefr (gíptir).
- Sá segir flest af Ólafi kóngi, sem hvörki hefir heyrt hann nè sæð.
- Sá scinni dagr skal vera lærisveinn hins fyrra.

- Sá, sem aðra vill kunna, vandi sjálfan sig.
- Sá, sem aðra vill svíkja, verður opt af öðrum svikinn.
- Sá, sem aðra vill með orðum skaða, skaðar sjálfan sig.
- Sá, sem á gullinu geingr, aktar það ekki.
- Sá, sem á hnjúnum stendr, á skemra að sjá til jarðarinnar.
- Sá, sem aldrei er forvitinn, verður aldrei fróðr.
- Sá, sem aldrei þykist hafa nóg, er traudliga þakklátr.
- Sá, sem alltið er í efa, útrèttir lítið.
- Sá, sem alltið talar það hann vill, má opt heyra það hann ekki vill.
- Sá, sem áminnur annann, skal ekki vera í sömu löstum fundinn.
- Sá, sem annann fellir, dettr optast sjálfr með honum.
- Sá, sem auðgar sig rángliga, tapar meiru en hann ætlar.
- Sá, sem bezt gjörir, er bezt lofsverður.
- Sá, sem bíðr eptir annari hringingu til borðs, fær opt lítið að eta.
- Sá, sem dári er haldinn á mannfundum, er sjaldan hyggiun heima.
- Sá, sem eignast aðaltrèð, eignast verður kvistí með.
- Sá, sem einskis ráð vill hafa, heldr sig öllum hyggvari.
- Sá, sem einnsiuni stelr, má alltið heita þjófr.
- Sá, sem eittsiun kemst í almannaróm, kemst ei snarliga þar út.
- Sá, sem ekkert gjörir, tekr um síðir til að gjöra illt.
- Sá, sem ekki gjörir með erfiðinu gott, gjörir með yðjuleysinu illt.

- Sá, sem ekki hefir illt gjört, þarf ekki illt að hræðast.
- Sá, sem ekki hefir kalk, hlýtr að lína með leyr.
- Sá, sem ekki hyrðir um lítið, missir þar fyrir opt mikið.
- Sá, sem ekki kann að þegja, kann ekki heldr rætt að tala.
- Sá, sem ekki kann að þekkja sig, kann ekki að leiðrætta sig.
- Sá, sem ekki kann að leyna sínum lýtum, hvörnig kann hann að leyna auuara?
- Sá, sem ekki plantar, þarf ei að vökva.
- Sá, sem ekki rækir sitt embætti, fær þar fyrir bæði skömm og skaða.
- Sá, sem ekki safnar í tíma, má svelta í ótíma.
- Sá, sem ekki safnar í æskunni, hvörnin kann hann finna í elliuni?
- Sá, sem ekki trúir, hvörnin kann hann að vona?
- Sá, sem ekki trúir sjálfum sér, hvörnig má hann öðrum trúa?
- Sá, sem ekki vill eta kálið, honum ber ekki að eta fleskið.
- Sá, sem ekki vill líða og hlýða, hann á aldrei góðs að bíða.
- Sá, sem ekki virðir heiðrinu, virðir ekki dygðirnar.
- Sá, sem elskar, fær elskuna til launa.
- Sá, sem elskar góða síðu, gengr traudt í vandan selskap.
- Sá, sem eltir köttinn, fær vel músina.
- Sá, sem eptir góðu sækir, hann skeðr gott.
- Sá, sem eptir ólukkunni sækir, þeim mun hún mæta.
- Sá, sem er djarfmæltr, verðr opt mótmæltr.

- Sá, sem er dofiulyndr, hægist hvörki til góðs nè
ílls af alvöru.
- Sá, sem er einn í ráðum, verður einn í skaðanum.
- Sá, sem er hygginn, er ei strax augljós hvörjum
manni.
- Sá, sem er í furstanna náð, þekkir sig sjaldan rétt.
- Sá, sem er latr að erviða, verður lipr til að syndga.
- Sá, sem er nærri háskanum, má vera var og uggandi.
- Sá, sem er peningnum háðr, er traudliga sjálfráðr.
- Sá, sem er rír í nægtunum, verður dýr í skortinum.
- Sá, sem er sèr ílls meðvitandi, er ætíð uggandi.
- Sá, sem er stríðgjaru, kann ekki að vera fyrir utau
fjandmenn.
- Sá, sem er ugglaus í friðarins tíð, verður opt stað-
laus þá stríð kemr.
- Sá, sem er þræll auðsins, brúkar hann sem þræll.
- Sá, sem er ætíð meistari sjálfs síns, hefir kóngligt
hjarta.
- Sá, sem fagnar yfir annara syndum, er einn hold-
ligr djöfull.
- Sá, sem fer í stríðið vopnlaus, kemr heim apr
sigrlaus.
- Sá, sem flýr, ber sökina á baki sèr.
- Sá, sem forðast orðið, forðast heldr verkið.
- Sá, sem friðinn elskar, má stunda meir annara vilja
enn sjálfs síns.
- Sá, sem færir margt til betra vegar, fær sèr margt
au vin.
- Sá, sem gefr í dauðanum, gefr ekki sitt, heldr erf-
ingjanna.
- Sá, sem gefr sína aleigu, á vonina eptir.
- Sá, sem geigr inn um gleði-portið til lukkunar,
geigr opt út um hrygðar dyrnar.

- Sá, sem getr einn dára, aflar sèr sorgar.
- Sá, sem geymir sína túngu, geymir sitt líf.
- Sá, sem girnist meira eun mátti, misti það hann fyrri átti.
- Sá, sem giptir sig ofljótt, fær nógar stundir til að yðrast eptir.
- Sá, sem giptist, geingr ekki laus fyrir skildaganum (frá skildaganum).
- Sá, sem gjörir það góða, verðr af því góða forsvaraðr.
- Sá, sem gjörist of almenniligr, verðr fyrir það foraktanligr.
- Sá, sem gjörist of handgeinginn, hann tapar virðingu sinni.
- Sá, sem gott talar, fær gott audsvar.
- Sá, sem gott vill læra, hlýtr fyrst illu að tína.
- Sá, sem hatar hræsnaus hrós, verðr ekki af honum tældr.
- Sá, sem hefir allt eptirlæti, vill ógjarnau deya.
- Sá, sem hefir bæði þor og þrek, má miklu til vegar koma.
- Sá, sem hefir eittsinn fyrirgefið, skal það ei að raunalansu aþrtaka.
- Sá, sem hefir fundið réttan veg, forláti hann ekki.
- Sá, sem hefir færsta bresti, má kalla sig lukkuligastan.
- Sá, sem hefir getið einn vitran son, skal sig af honum gleðja.
- Sá, sem hefir gætr á sjálfum sèr, mun auðveldliga um aðra þegja.
- Sá, sem hefir góða samvizku, hrædist engan hásku.
- Sá, sem hefir guðsóttu, örvæntir ekki.
- Sá, sem hefir gullið í vonum, þykist hafa guð í höndum.

- Sá, sem hefir happið hlotið, sjái til hann sleppi því ekki.
- Sá, sem hefir jarðagóz, hefir og sína plágu.
- Sá, sem hefir lata hönd, hefir og tóman sinn munn.
- Sá, sem hefir ljósið; flugi sitt tilstand, ef það sloknaði.
- Sá, sem hefir margt í sinni, fellr margt úr minni.
- Sá, sem hefir margt í taki, tapar einhvörju þarmeð.
- Sá, sem hefir nokkurs að vona, skal það ekki forsóma.
- Sá, sem hefir óvin sinn sèr nálægan, má vera var um sig.
- Sá, sem hefir ránglátt hjarta, hefir opt eins munn og hendr.
- Sá, sem hefir reykiu, skal og hafa röttinn.
- Sá, sem hefir sagt nokkuð, skal vera viðbúinn að sanna það.
- Sá, sem hefir tímann forsómað, tíur opt fyrir það sinni velferð.
- Sá, sem hefir umflúið eina ólukku, vakti sig fyrir annari.
- Sá, sem hefir vonda girnd fullkomnað, þýgir sína samvizku.
- Sá, sem hefir það góða þegið, skal öðrum af því miðla.
- Sá, sem hefir æruna og halda vill, má bæði vakta munn og höndur.
- Sá, sem hefir sín, fær í ábatanu nýan óvin.
- Sá, sem heilræði sparar sínum náúnga, vill honum illt.
- Sá, sem heillt ráðleggr, verðr þarfyrir elskaðr.
- Sá, sem heldr dagligt gestaboð, má vera vel ríkr.
- Sá, sem heldr lögmálið, má vera óhræddr.

- Sá, sem herklæðist, hrósi sèr ei, heldr sá, sem þau
alleggr.
- Sá, sem hrósar sèr fyrir mörgum, gjörir sig að allra
þeirra gikk.
- Sá, sem hræðist, vill sig feginn fela.
- Sá, sem hræsuar fyrir vin sínum, breiðir net fyrir
hans gaungu.
- Sá, sem hilmar hinn sakaða, verður hluttakandi hans
refsingar.
- Sá, sem hylr, er svo góðr, sem sá er stelr.
- Sá, sem jafnt virðir last og lof, er ekki hæfr til yf-
irmanns.
- Sá, sem í borgun geingr, ber skaðanu í báðum
höndum.
- Sá, sem illa fer með lítið, honum kann ei að trúast
fyrir mikið.
- Sá, sem illa gjörir, afsakar sig með annara dæmum.
- Sá, sem illa hefir lifað, má hrylla við að minnast
sinna lífdaga.
- Sá, sem illa talar um aðra, hann spáir alltíð óvirðingu.
- Sá, sem illt gjörir, umflýr ekki straffið.
- Sá, sem illt varast, er fávísu andstyggiligr.
- Sá, sem kann að þegja, kann líka að tala.
- Sá, sem kónginum trúliga þjónar, fær auð og æru
í laun.
- Sá, sem lán tekr yfir megn sèr, hann hefir sitt
frelsi forbrotið.
- Sá, sem lastar velgjört, hann lýgr.
- Sá, sem leggur höndina á verkið, þekkir bezt þess
óhægð og vanda.
- Sá, sem leingi lifir, verður þreytt af öllum heiminum
og sjálfum sèr.
- Sá, sem lífið hefir gefið, mun það forsorga.

- Sá, sem lifir fyrir utan vini, lifir ekki nema hálfu lífi.
- Sá, sem lifir til einskis, nýtr lífsins óverðngr.
- Sá, sem liggur á flatri jörðu, þarf ei fallið að óttast.
- Sá, sem ljónið elr, má þreifa um þess munn.
- Sá, sem litla gjöf óvirðir, gjörir sig hennar óverðugan.
- Sá, sem lítið dýr veiðir, sleppir því, ef honum býðst annað stærra.
- Sá, sem litlu stölr, missir þarfyrir margfaldd meira.
- Sá, sem lofar allt, en lastar gott, kann þess ekki aðgreining.
- Sá, sem lofar öllu, verður einn svikari.
- Sá, sem lýgr sér til gamans, lærir að gjöra það af alvöru.
- Sá, sem margs spyr, gæingr margs villr.
- Sá, sem margt lærir, hann mörgu gleymir.
- Sá, sem margt mælir, margt kauskè lýgr.
- Sá, sem margt þvaglar, gjörir sig þarmeð leiðan.
- Sá, sem með ólund gefr, spillir því þakklæti, sem hann skyldi þarfyrir hafa.
- Sá, sem mest gefr, fær mesta vanþökk þ: guð.
- Sá, sem mikið hefir, vill ætíð meira.
- Sá, sem mikið gefr, hann gefr ekki, heldr selr.
- Sá, sem mikið samandregr, sjái til að fara vel með það.
- Sá, sem mikið vill læra, má mikið líða.
- Sá, sem nóg hefir, skal láta sér það nægja.
- Sá, sem óþeðinn gefr, skal láta sér það nægja.
- Sá, sem ofmjög þenar öðram, fortærir sjálfum sér.
- Sá, sem óttast fyrir að drukkna, forðist sá vatnið.
- Sá, sem óvitandi illt gjörir, verður að afsakast.
- Sá, sem prýðir það ljóta, niðir opt það falliga.

- Sá, sem ransakar það, sem honum er ofhált, kann það ekki að standast.
- Sá, sem raskar góðum friði, raskar þarmeð sinni velferð.
- Sá, sem reiðist fyrir hvörja orsök, reiðist máskè stundum fyrir enga.
- Sá, sem rétt gjörir, hefir róliga samvizku.
- Sá, sem ræktar sína jörð, skal fá sitt brauð.
- Sá, sem saklaus líðr, verðr ei til skammar.
- Sá, sem sefr um kornskerutímann, verðr að skömm.
- Sá, sem seint gjörir gott, gjörir það ekki af alhuga.
- Sá, sem sjálfan sig vegsamar, hefir allareidu mist sína virðingu.
- Sá, sem sjálfan sig þekkir, kann sig bezt í hófi að hafa.
- Sá, sem sér skaðann fyrir, gjörir hann lættbæran.
- Sá, sem sér sjálfum í hákann steypir, firrir sig sjálfan allri huggun.
- Sá, sem sium vin hæðir, sundrslítr venskapinn.
- Sá, sem stelnr kálfinum, horfir ei í að stela kúnni.
- Sá, sem sparar þá vondu, fordjarfar þá frómu.
- Sá, sem stendr í dag, kann á morgun fallinn að liggja.
- Sá, sem sver, þykir lítið fyrir að ljúga.
- Sá, sem syndgar, syndgar á móti guði og sjálfum sér.
- Sá, sem talar margt, hefir margt að forsvara.
- Sá, sem treystir uppá skepnurnar, fellr þegar þær falla.
- Sá, sem trygðinni tapar, mun aldrei trían vin fá.
- Sá, sem tærir tveimr höndum, tekr sjaldan tveimr höndum inn.
- Sá, sem vaknar af vondum draum, verðr feginn.
- Sá, sem vel veit, skal ei forsóma vel að gjöra.

- Sá, sem vill ávinna, hlýtr að erviða.
- Sá, sem vill allt með illu niðrsetja, fær margan fjandmann í staðinu.
- Sá, sem vill dygðirnar læra, hann læri fyrst guðrækniá.
- Sá, sem vill gjöra allt, fær alltið verkfæri og tækifæri.
- Sá, sem vill hafa laun, skal áður hafa tilhunið.
- Sá, sem vill heita lofligr, má forðast öll lastverk.
- Sá, sem vill koma til stórrar æru, má áður mikið líða.
- Sá, sem vill lofliga tala, læri áður vel að þegja.
- Sá, sem vill prófa sig rétt, má ransaka bók sinuar samvizku.
- Sá, sem vill sér vel skikka, láti svo sem allir menn sæi hann.
- Sá, sem vill skjóta til máls, sjái til hann sigti vel.
- Sá, sem vill tala satt, verður lýgina að þekkja.
- Sá, sem vill vera allra vinar, verður allra gikkr.
- Sá, sem vill vera herra sjálfs síus, honum ber að þekkja sig rétti.
- Sá, sem vill vita hvað skè skal, athugi fyrst hvað skèð er.
- Sá, sem vill þrælsins þræll vera, honum er það makligt.
- Sá, sem vinnur öðrum ínu æru og hrós, væntir launa.
- Sá, sem vísdóminn ástundar, má ei aganum gleyma.
- Sá, sem umgeingst með spottaranum, verður af honum hæddr.
- Sá, sem umgeingst með þeim er stamar, lærir að stama.
- Sá, sem vondum samteingist, kemst þar ei skaðlaust frá.

- Sá, sem þakkar lítið, gjörir sig verðugan að meðtaka stærri velgjörning.
- Sá, sem þarf saurindin til að fegra sig, má ei vera hjartleitr.
- Sá, sem þénar einum herra verður opt sjálfir herra.
- Sá, sem þjónar guði, þjónar sjálfum sèr.
- Sá, sem þráttar við þann stærri, fær spott og skaða fyrir sitt ómak.
- Sá, sem þvínagar sína túngu, hefir þvínagað stóran óvin.
- Sá, sem æskuna misbrúkar, gjörir opt ellinni slíkt hið sama.
- Sá, sem ætíð er óskreytinn, hann er ætíð trúgjarn.
- Sá skal reykin varast, sem vill firra sig bálinu.
- Sá skal sig lofa, sem illa granna á.
- Sá skal síuja, er fyrir sök verður.
- Sá skal vanda sjálfan sig, sem við aðra vill umvanda.
- Sá skal vera ráðsvinnr, sem annann vill áminna.
- Sá skal vera fréttafróðr, sem lítt er tekiinn.
- Sá skal vægja, sem vitið hefir meira.
- Sá skyldi vel leyna, sem margt vill vita.
- Sá skyldi góðr, er grandvar þykist.
- Sá spyr ekki forgefius, sem úrlausn fær.
- Sá stofnar sèr sjálfum bríxli, er stofnar það, hann ei fullgjört fær.
- Sá svíkr sian vin, er öðrum segir hans launmæli.
- Sá syndir vel, er öðrum uppi heldr.
- Sá tapar vel blýinu, sem býtir því fyrir gull.
- Sá tekur bezt á móti dauðanum, sem hefir sig leingi undir hann búíð.
- Sá tekur sèr ektamaka með augunum, sem mest geingst fyrir ásýndinni.
- Sá tekur sèr ektamaka með eyrunum, sem mest geingst fyrir afspurninni.

- Satt er bezt að segja (satt er ætíð bezt).
- Satt er verst að verja.
- Satt samhljóðar sönnu, en logið hvörki sönnu né lognu.
- Sátu sextán í hring, og rökuðu allir drottning.
- Sá vakar ís, sem þyrstr er.
- Sá varð nú drjúgari, er verr vildi.
- Sá veggr er óvætr, sem stendr á góðum grundvelli.
- Sá veit bezt hvað heilsan er, sem sjúkdóminn reynt hefir.
- Sá veit fleira, sem fleira prófar (gjörst, sem reynir).
- Sá veit gjörst hvar skórinu aðkreppir, sem hann ber á fætinum.
- Sá veldr miklu, sem upphafinu veldr.
- Sá verður að gefa öðrum, sem tilhefir.
- Sá verður að laumast með landi, sem lekan hefir bát.
- Sá verður að tíma, sem brjóstið skal rýma.
- Sá verður að vera sauragr, sem saurugt vinnr.
- Sá verður aldrei góðr húsbóndi, sem aldrei er góðr þjóni, (sem öllu kastar til dýra).
- Sá verður bæði hryggr og feginu, sem missir sár-sjúkan ástvin.
- Sá verður enginn gamall, sem ungr deyr.
- Sá verður forsmáðr, sem sínu yfirmann forsmáir.
- Sá verður gamall, sem guð vill (sem leingi lilir).
- Sá verður hvörki heilbrygðr né lánglíf, sem ekki gjörir annað enn alá sig.
- Sá verður jafnsekr, sem hilmar og hinu, sem stelfr.
- Sá verður leiðr, sem leingi og þrásamliga biðr.
- Sá verður margs vís, sem árla rís.
- Sá verður nærri sér að nema, sem naum hefir efni, en nauðþurft mikla.
- Sá verður opt frægri, sem fyrri kemr á hólminu.

Sá verður prísaðr makliga, sem gjörir betr enn honum ber.

Sá verður ráðdrjúgastr, sem er vitugastr.

Sá verður sjálfan sig að lofa, sem fær það af engum.

Sá verður traudt (sjaldan) ríkr, sem lítið forsmáir.

Sá verður tældr, sem trúir sínum óvin.

Sá verður þjófr, sem fëmætum fundi leynir.

Sá verður ættarskömm, sem illum föður er verri.

Sá vill enginn öðrum gott, sem einskis þarfnast sjálfr.

Sá vinnur með gjöfum, sem verðugum gefr.

Sá vinnur sér stóran ábata, sem vinnur síns óvinnar hjarta.

Sá vitnar sjaldan rétt, sem reiðr er.

Sá vonar forgefins, sem ekkert fær.

Sá vonar forgefins guðs blessunar, sem ekki nennir að erviða.

Saurlífið er fögnuðr fagurs líkama (er sikruð forgift).

Saurlífið er margra sinnis ánægja (hefir margan sigrað).

Saurlífinu hæfir sanrug þjónusta.

Saurugt jafnan þarf að þvo.

Sá vægir optast, sem vitið hefir meira.

Sá þakkar öðrum, sem betr kann.

Sá þarf að hafa fíngur af járn, sem fjandannu vill flá.

Sá þarf lítið, sem lítið girnist.

Sá þarf mikið að sjóða, sem mörgum vill bjóða.

Sá þarf mikiun mal, sem margan færir hal.

Sá þekkir annann, sem skemr hefir geymt.

Sá þekkir ekki sitt kyn, sem í óskunni sitr.

Sá þekkir ekki vesöldina, sem hana reynir ekki.

- Sá þeinkir, er þegjandi sitr.
- Sá þenar öðrum nóg, sem gjörir það af alvöru.
- Sá þjón, sem trúu ráði leynir sinn herra, er lítið betri enn hans forræðari.
- Sá þóknast fáum (engum), sem sèrgóðr er.
- Sá þolir þaufið.
- Sá þykist bezt hafa, er fyrst nær því, er nokkru góðu nær.
- Sá þykist fróðr, er fregna kann.
- Sá ætlar öðrum gröf er grefr, en ekki sèr.
- Sèð hefi eg háfinn skæla sig (hvítar tenar í svörtum hundi).
- Sèð hefi eg soddan salt, þó ekki hafi eg etið það allt.
- Segðu aldrei fyrstr manna ill tíðindi.
- Segðu satt og fátt (lítið).
- Segðu ekki allt sem satt er, sumt af því skaðar þig, sumt aðra.
- Seg engum það, þú alleinn villt vita.
- Segir til hvör eta skal.
- Seg mèr að sunnan, eg er kunnugr fyrir vestan (nýkominn að norðan).
- Segðu mèr hvörnig þinn lagsmaðr er, svo kann eg vita hvörnig þú ert.
- Seigar eru gamallra manna sínar.
- Seigt veitir svaungum að skruma.
- Seinna er að aðgá, sjaldan fer svo betr.
- Seinna koma sumir dagar, og koma þó.
- Seinna var dugir ei þar (seinni varinn dugir ekki þar).
- Seinn varstu enn, þórir svefn!
- Seint birtist blámanns húð.
- Seint bólar á Barða.

Seint er að hafa hagnaðinu á botni (að spara, þá sèr í hotniun).

Seint er að herklæðast, þá á hólminn er komið.

Seint er að yðrast eptir dauðann.

Seint er eins liðið.

Seint er heimskann að snotra.

Seint er satt að frétta,

Seint er um lánngau veg að spyrja ný tíðindi.

Seint fara sælir, sviunum verðr dagskortr.

Seint fer, ef sæmd lèr (sendt er).

Seint fer boli, og sèr þó fyrir klaufunum.

Seint flýgr krummi á kvöldin.

Seint frá vinunum, snöggt frá óvinunum.

Seint fyllist skarð í höku Skeggja.

Seint heilsar ábóti systur sinni.

Seint koma heimskun hyggiundi.

Seint koma ósvinnun ráð í hug.

Seint leiðist ágjörnum aurasafnið (dárur að dramba).

Seint losnar hein í höfði þórs.

Seint læknast lastyrði.

Seint má reyua mennina.

Seint mun dúfan koma úr hrafnseggina.

Seint mun hrafuinn hvítr verða.

Seint mun latr rúmi reiðast.

Seint mun sjórinn eyðast.

Seint mun tóa trygð verða.

Seint segist þeim, sem aldrei segist.

Seint sèr á svörtu (nema hvítt sè).

Seint vaknar sá, sem aldrei vaknar.

Seint þekkir heimskr, hæðni.

Seint þreytist eyrað að heyra.

Seinvaxin blómstr fölna seinna enu hin.

Sein yðran er sjaldan hrein.

Sekkpípan sýngr ei nema full sè.

Seldu ekki björninn, fyrrenn hann er unnjan (skinn-
ið fyrrenn björninn er unninn).

Sel ekki mey fyrir konu, nè gæs fyrir gagl.

Sem þeir gömlu ságu, svölludu þeir úngu.

Sendtu barn í bý, og gakktu sjálfr eptir því.

Sendtu letíngjann, og sæk hann aptr.

Sendtu svín í Rhín, samt er það svín, þá það kemr
aptr heim til þín.

Send þá ei til þinna útréttinga, sem þér illt vilja.

Sèr á grís (gæs), hvar í garði er alin.

Sèr á kinn, hvað í brjósti býr.

Sèr á sannleikr tíma.

Sèr á tilliti, hvört ást eðr hatr undirbýr.

Sèr bera flestir saklaust vitni.

Sèr duga flestir sjálfum bezt.

Sèr eignar smalamaðr fè, þó eingan eigi hann
sauðinn.

Sèr er hvað eina.

Sèr er hvör nærstr.

Sèr framsýun veg, þó sitji í myrkri.

Sèr gjörir, þó gjöri.

Sèr góðan hvör lofar.

Sèrgóð (kona) sjaldan elsku mætir.

Sèr grefr gröf, þó grafi.

Sèrhvað biðr síns tíma.

Sèrhvað eflist af sèr æðra.

Sèrhvað er bezt heima geymt.

Sèrhvað hefir sína tíð.

Sèrhvað lýtr til sinnar náttúru.

Sèrhvað sèr sóma þykir.

Sèrhvað sèr vesælla.

Sèrhvör á sínum hug að una.

- Sèrhvör brúkar sínar nótur.
- Sèrhvör býr sitt bólið bezt.
- Sèrhvör dygð heiðrar þann, sem hana yðkar.
- Sèrhvör dygð-launar þeim, sem hana hefir.
- Sèrhvör dæmir eptir sínu hjarta (höfði).
- Sèrhvör er sinni persónu um mest skyldugr.
- Sèrhvör er þeim liðrægr, sem hann elskar.
- Sèrhvör finnst í sínu rúmi.
- Sèrhvör finnr til sinna meina.
- Sèrhvör hefir sína siðu kæra.
- Sèrhvör heppni er vandarhögg þeim öfundsjúka.
- Sèrhvör hnígr að sinnar æsku ástundan.
- Sèrhvör jafnan sínu ann.
- Sèrhvör kærir sinn kvíða.
- Sèrhvör láti sér sína lukku nægja.
- Sèrhvör lofar sér líkan.
- Sèrhvör maðr þekkist af málrómi, vexti og litarhætti.
- Sèrhvör ódygð plágar þá, sem hana ástunda.
- Sèrhvör plantan verðr að vökvast.
- Sèrhvör ræki sitt gagn án annara skaða.
- Sèrhvör skepna færast að tilsettu takmarki.
- Sèrhvör synd er sjúkdómr.
- Sèrhvör tíð hefir sérdeilis ávöxt (sína umhyggju, umbreyting).
- Sèrhvör veit hvað í sínu húsi gjörast.
- Sèrhvör verðr sinni lund að þjóna.
- Sèrhvör vill hafa varanligt sólskin.
- Sèrhvör vinnr segir: eg er og vinnr.
- Sèrhvör þarf síns með (sinna muna með).
- Sèrhvörjum ásetningi verðr að fylgja umþeinking.
- Sèrhvörjum er síu gáfa af guði gefiu.

Sèrlivörjum geingr nokkuð til þess, sem hann gjörir.
 Sèrhvörjum þykir sín reiði rættvís.
 Sèrhvört erviði útkrefr þolinæði.
 Sèrhvört frómt hjarta er sinn eigin áklagari.
 Sèrhvört land hefir sitt skikk.
 Sèrhvört sæði ber sèr líkan ávöxt.
 Sèr kann jafnan hyggiun hóf.
 Sèr lífr sjálfum bezt.
 Sèr líkir bezt samanbúa.
 Sèr mun líkast herma hvör, nema flærð fylgi.
 Sèr nýtir ágjarn allt, og einnig þó ónýtt sè.
 Sèr opnar vitr maðr veg með sinni framsýni.
 Sèr prædikar samvizkan hið sannasta.
 Sèrráðr maðr er optast sjálfum sèr verstr.
 Sèr sparar þræll þrímæltu (þrínætta) mykju.
 Sèr stríðir vesall maðr, þó mat hafni.
 Sèr svín, hvað sèr sóma þykir.
 Sèr tálgar trè líkt.
 Sèr trúir hvör bezt.
 Sèrtu svo sæll, sem þú villt mig.
 Sèrvizkan er óviti verri.
 Sèr það hvör, er honum sóma þykir.
 Sèr þakkar sjálfbyrgingrinn allt.
 Sèr æ gjöf til gjalda.
 Sè svo hátt, sem hrúkir.
 Sè svo heill á þèr hnakkinn.
 Setningrinn prettar opt sjálfan sig, stundum að
 gánga ofstutt, stundum oflángt.
 Settu ei hól á sjálfs gjörðir.
 Settu upp, sóm er æran.
 Settu þèr máta, nær þú skalt hepta reiðina.
 Settu þinn ábata á móti þínum skaða.
 Sezt spè í sjálfs kuè.

- Sjáðu hvað þér sómir, hugsaðu hvað þér hæfir.
 Sjáðu refinn, áðrenn þú selr skinnið.
 Sjáðu við illum hlut, meyar ást og manns konu.
 Sjáðu við þokunni, sem sitr á fjöllumun.
 Sjaldan afrekar ein stund margra daga forsómun.
 Sjaldan á kóngur allt land einn.
 Sjaldan á vesæll vól á nægtum.
 Sjaldan á ætin kona gott bú, nè feit hjú.
 Sjaldan bítr gamall skolli nærri greni.
 Sjaldan bítr login sök.
 Sjaldan boða vondir fuglar vært veðr.
 Sjaldan bregzt mjaldr af miði.
 Sjaldan brennr einn brandr leingi.
 Sjaldan brestr veganda vopn.
 Sjaldan britja tveir sterkir smátt.
 Sjaldan brotnar bein á huldu.
 Sjaldan býðr sá er betra hefir.
 Sjaldan bætir biðin.
 Sjaldan dylst dygðin leingi.
 Sjaldan dylst leingi lastafull náttúra.
 Sjaldan eldast skólabræðr.
 Sjaldan er á botninum betra, nema lunáng í heitum
 grant.
 Sjaldan er á sjúkum röggin.
 Sjaldan er bagí að bandi.
 Sjaldan er búbætir í bónarverði nè bjarnarslátri.
 Sjaldan er búksorgin (býlífið) syndlaus.
 Sjaldan er dandt hræ án ódauns.
 Sjaldan er ein bára stök.
 Sjaldan er ein dygð einstök.
 Sjaldan er ein ódygð, svo ei fylgi fleiri.
 Sjaldan er eitt mótlæti einsamalt.

- Sjaldan er elskan (fólscan, illskan) inniföst.
 Sjaldan er eynd ein (ólukkan einstök).
 Sjaldan er fíblum framaskotr.
 Sjaldan er flas til fagnaðar.
 Sjaldan er fluga í feigs mat, nema danð dálpi.
 Sjaldan er flýtirinn fullvel forhugsaðr.
 Sjaldan er fres í feigs rúmi.
 Sjaldan er fúlllyndið án fanta æðis.
 Sjaldan er fögr mynd án flekks.
 Sjaldan er gagn að gaungukonu verki (að gesta komu, að góu ísi).
 Sjaldan er geispi af glöðn hjarta, nè hixti af hægu brjósti.
 Sjaldan er gæfan grandlaus (ílls gáfa grandlaus).
 Sjaldan er gæfumæðrinn ger.
 Sjaldan er greinin hetri enn bolrinn.
 Sjaldan er gýll fyrir góðu, nema úlfr á eptirrenni.
 Sjaldan er hávar orðvar.
 Sjaldan er heit sól af norðri.
 Sjaldan er hrygð án syndar.
 Sjaldan er illum andvaralaust.
 Sjaldan er lángrinnt laugardags veðr.
 Sjaldan er letin án losta, lasta, vellystinga o. s. fr.
 Sjaldan er lukkan skýlaus.
 Sjaldan er lygariun leingi þekkr.
 Sjaldan er lymskr mjög lundhastr.
 Sjaldan er lystingin lánngæð.
 Sjaldan er maðrinn meinalaus.
 Sjaldan er manns móðir sonarkonu góð.
 Sjaldan er mein að miðsvetrar ís.
 Sjaldan er miskunarlaus mjög tillagagóðr.
 Sjaldan er námið náttúrunni sterkara.
 Sjaldan er pútan án þrjáls og pretta.

- Sjaldan er reiði rættvís (rættisýn, rættorð).
 Sjaldan er reirlykt úr refshýbýlum.
 Sjaldan er ríkr af óríkum ofsókr.
 Sjaldan er sakbitinn ugglans um sig.
 Sjaldan er seinni gipting betri, hafi góð verið sú fyrri (sigr í seinni gaungu).
 Sjaldan er skammsýnu skaðlaus.
 Sjaldan er skvaldrið skrumlaust.
 Sjaldan er stoð að stuldi, nema stafr sè eða band.
 Sjaldan er dúkr svo hreinn, að ei falli saurugt á.
 Sjaldan er vinn í vandræðum að finna.
 Sjaldan er úngr að aldri, gamall að forstandi.
 Sjaldan er upsi í afiskí (ördeyðu).
 Sjaldan er svört ský regulaus.
 Sjaldan er þar búdrjúgt, sem margar eru matseljur.
 Sjaldan er þar þurt, sem þussarnir sitja.
 Sjaldan er þræll happasæll.
 Sjaldan er þögn á þing borin, nema þrjózka valdi.
 Sjaldan er æran óhlutvönd.
 Sjaldan fellr eplið langt frá eykinni.
 Sjaldan fellr veðr eptir hvörs manns geði.
 Sjaldan fer betr þá breytt er.
 Sjaldan fitnar peningr fyrir fjósdyrum, (fænaðr á stöðli).
 Sjaldan fylgir happ hörpu-ís.
 Sjaldan fylgir ráð rasi.
 Sjaldan fær sá lof, sem á ljósinu heldr.
 Sjaldan fær víti hinn vari.
 Sjaldan gefst sofandi manni sigr.
 Sjaldan geispar einn í húsi, ef tveir eru til, nema annar sè feigr.
 Sjaldan gjörist öruin að einfælingi.
 Sjaldan gróa veil sár vel.

- Sjaldan græðir búsmali á stöðli.
 Sjaldan grær gras á almennings götu (vegi) (grær
 alfarinu akr).
 Sjaldan grær um opt hrærðan stein.
 Sjaldan hefir sá allt, sem opt hellir.
 Sjaldan hittir leiðr í lið (lýða þægð, á tíð).
 Sjaldan hleðst svo allt á einu, að ekki fylgi fölski
 (brestr) neinu.
 Sjaldan hlýtr húkandi happ.
 Sjaldan hlýzt gott af gestum.
 Sjaldan hlýzt happ af hundi eða heill af strák.
 Sjaldan hlær hygginn hátt.
 Sjaldan hnegist grunsemin til góðs.
 Sjaldan hrækir lipr langt.
 Sjaldan flugar ellin æskunnar tilstand.
 Sjaldan kastar liar langt.
 Sjaldan kemr lán með lagi (hlæandi) aptr.
 Sjaldan kemr þeim saman, sem dúkian breiða.
 Sjaldan koma öll kurl til grafar.
 Sjaldan kýs mann frá disk, eða grip úr haga.
 Sjaldan launar deigr ljár lánga brýuslu.
 Sjaldan launar kálfr ofeldi, nema kvíga sè.
 Sjaldan liggjandi úlfr sèr læ umgetr, nè sofandi
 maðr sigr.
 Sjaldan liggir ísíngr efst á fön.
 Sjaldan liggir skata efst á skut.
 Sjaldan lofa, sjaldan lasta.
 Sjaldan logar eitt trè í eldi, nema eyk sè.
 Sjaldan lýgr almanna-rómr.
 Sjaldan lýgr hinu lángi kur (lángsöm kör).
 Sjaldan lætr sá betr, sem eptirhermir.
 Sjaldan mun eitt óhóf um alla æfi standa.
 Sjaldan mun illr gjöra góðum betr.

- Sjaldan nýtir nægtin eius smátt og skortriun.
 Sjaldan nær eitt regu yfir allt land.
 Sjaldan ofelr stjúp móðir síu stjúp böru.
 Sjaldan óttast ofrhuginn að óreyndu.
 Sjaldan plagar hinn girugi góðan mat að feigja.
 Sjaldan prýða þarrarnir selskapinn, nema sinna líka.
 Sjaldan reiðist hundr beinshöggi.
 Sjaldan safnast stór auðlegð með réttvísi og góðri samvizku.
 Sjaldan sitja eruir nema á hæðum.
 Sjaldan sitr svinnur maðr í dyrum, nema annar sé svinnur fyrir þmá.
 Sjaldan sker maðr gott korn af illum akri.
 Sjaldan skilja vundir vel.
 Sjaldan stendr góðr liðsmaðr leingi hjá.
 Sjaldan sýðr feigs manns matr á gólfi.
 Sjaldan tekr hundr við heilli köku.
 Sjaldan tvöfaldar hinn vanþakkláti þegar velgjörðir.
 Sjaldan veldr flás fögrum sigri.
 Sjaldan veldr elmu, þegar tveir deila.
 Sjaldan veldr vægr sér það versta.
 Sjaldan verða víti vöruð, nema hyggindi hafi og horskan vin.
 Sjaldan verður grunnungum ginskortr.
 Sjaldan verður mikið af því högginu, sem hátt er reidt.
 Sjaldan verður sá gott skáld, sem gamall yrkir.
 Sjaldan verður svo kryddað, að keimlaust sé (að eí sé keimr að).
 Sjaldan verður vöndum á vömmum bil.
 Sjaldan vinnst vel varaðr glæpr.
 Sjaldan vinnr taflmaðr hið fyrsta.
 Sjaldan vituar sá rétt, sem reiðr er.

- Sjaldan vægir sá verri (vargrinn).
 Sjaldan þekkir þræll sinn uppruna, ef til æru kemst.
 Sjaldan þiggr hinn örláti fyrir ekkert.
 Sjaldan þykir eptirlætið offrekt.
 Sjaldan æpir gott barn án alvöru.
 Sjaldan ærist barn, ef allan vilja fær.
 Sjaldfeingið selst dýrast.
 Sjáldsæð er gull á svíni.
 Sjálfan hittir samvizkunnar sök, þó seigna sè.
 Sjálfan mig met eg mest, meir ean gest og prest.
 Sjálfan sækir háðið heim.
 Sjálfboðið er slíkum og öðrum þvífikum.
 Sjálfhælnin dugir engum.
 Sjálfir eiga vetrúngar verk sitt.
 Sjálfir verða rosknir menn að ráða sèr.
 Sjálfir ýfast (rífast) úlfar, ef eiga sèr ei bráð
 (kálfa).
 Sjálfum koma sjálfs verk.
 Sjálfum sèr að þóknast, er öðrum að misþóknast.
 Sjálfum sèr aflar skaða, sá mann meþdir.
 Sjálfum sèr skálkr, hvörnin má hann öðrum góðr
 vera?
 Sjálfráðr sour foraktar opt sinn föður.
 Sjálfráðr vill sèrhvör vera sinna takta.
 Sjálfráðum þræli sízt má trúa.
 Sjálfr ber eg miun (mína) bagga.
 Sjálfr kunn þú sjálfan þig.
 Sjálfr reisir Moldi sig.
 Sjálfr veit bezt, hvörjum varnangi íta hefir eða ver-
 ja má.
 Sjálfræðið þverrar, nær þrælkun eykst.
 Sjálfs er höndin höllust.

Sjálfs eru vitin verst (sjálfskaparvítí eru ei betri enn önnur vítí).

Sjálfs í koll kemr.

Sjálfssett lög er ljúft að halda (ljótt að brjóta).

Sjálfsstolið er hvörjum verst.

Sjálft segir þó þegi.

Sjá má eg þrælinn.

Sjá má minna grand í mat sínum.

Sjá smíðs augu.

Siðgóðr skyldi sjáandinn (o: prestriinn) vera.

Siðsamlig ræða er samkvæmisins prýði.

Siðu þarf kunna sá með snotrum sitr.

Sígandi lukka er bezt.

Sigldu í Cöln, og seldu þar gikkinn.

Sig metr hvör mest, þá litlu er að skipta.

Sigrsæll er góðr vilji.

Sína fordild sækir hvör (leið siglir hvör).

Sína nauðþurft sérhvör mest metr.

Sína reynir mætr mest.

Sinja ei aunum aðstoðar, ef ertu þess ráðandi.

Sinja ei dauðvona síðustu bænar.

Sinja ei gaungumóðum svala drykkjar.

Sinja ei heilræðis þeim er þyggja þarf.

Sinja ei ueinum þeirrar þjónustu, sem þúert skyld-
ugr þeim að veita.

Sinja ei óvitanum þinnar umsjónar.

Sinja ei sjúkum hjúkrunar, því sama villtu hafa.

Sinna gjörða skal seggja hvörr laun með leigu
taka.

Sinnar stundar bíðr hvör.

Sinn er siðr í landi hvörju (hvörri sveit).

Sinn er við hvörja heimskuna bundinn.

Sinni náttúru er hvör fúsastr að fylgja.

- Síns er hvör makligastr.
 Sínu láni skal seggja hvör unna.
 Sínum augum lítr hvör á silfrið.
 Sínum eyrum skal hvör annann heyra.
 Sínum gefr (sína elr) guð sofandi.
 Sínum manni mælti frú, vildi eg það gráskalli, hjá
 guði værir þú.
 Sínum manni mælti frú, með sanni birti eg þér al-
 vöru nú.
 Sínum vinum er fjandinn verstr, þó er þann engum
 góðr.
 Sínu sinni á hvör til að taka.
 Sjón er sögu ríkari.
 Sjórinn er samkomustaðr vatnanna.
 Sitja skal sá, er segir.
 Sitt er að hvörjum sonanna minna (sitt er að
 hvörju).
 Sitt er að jörðu hvörri (þó er á öllum búið).
 Sitt er hvað, gæfa eða gjörfugleiki.
 Sitt er hvörjum lánað (er lánað hvörjum hal).
 Sitt er hvörjum seggja að.
 Sitt er hvört, leiðr eða ann.
 Sitt er hvört, steypir eða styðr.
 Sitt er þetta hvört.
 Sitt hafa að verkum hvörjir.
 Sitt hefir hvör að kæra.
 Sitt hefir hvör lán að líta.
 Sitt hentar hvörjum.
 Sitt hvört er þar hofmennu höggva eða tíkr tögla.
 Sitt kemr upp með hvörju nýinu.
 Sitt mótlæti sérhvör fær.
 Sitt segir hvör hið sléttasta.
 Sittu á því arna, það særir þig ekki.

Sjúkdómurinn er hvörs manns herra.
 Sjúkr getr sjúkum nærst.
 Sjúkr veit sitt grand gjörst.
 Sjúkum augum verðr ljósið opt til ama, það hraust-
 um er harla sætt.
 Sjúkum verðr læðan að sóttarauka.
 Sízt er fyrir að sinja.
 Sízt mun eg flötinu neita.
 Sízt verðr á sögnum skortr.
 Sjösinnnum áðreun satt er.
 Sjösinnnum brennir svín sig á sama soði.
 Skaði er falli nærst.
 Skaði kennir mæð minni.
 Skaðinn er því þýngri, sem deilan er leiugri.
 Skaðinn gjörir maun hygginnu, en ekki ríkan.
 Skaðligar flugur skemma gott salve.
 Skaðlig eru skyndi ráð.
 Skakkt fer hallt hjól á skeiði.
 Skall þar einum, og|skyldi bráðt meir.
 Skal nú svo grátt leikið.
 Skammar eru skips rár.
 Skamma stund skal hið fagra hold frægjast.
 Skamma stund verðr hönd höggi fegin.
 Skamm hundar! skitu refar í brunn karls.
 Skammligr ábati er forljótt fè.
 Skampr er nú hali okkar í dag, frændi! sagði
 Úrækja.
 Skammt á nefið að kenna úr kjaptí.
 Skammt er á milli blíðu og böls, glaums og gráts,
 skers og háru, falls og stöðu, lífs og dauða,
 munns og sopa, vesælu og fullsælu.
 Skammt er skarns á milli.
 Skammt er skells að bíða.

Skammt frá skfðgarði yðar, herra!

Skammt nær túngan.

Skammvinnt er lýða líf, þó langt þyki.

Skapligt er þó skyldir finnast.

Skarð og barð skal hvört öðru mæta.

Skarfrinn er fugla verstr.

Skarnið skal við skarnið binda (skarn skal með skarui útdrifa).

Skarui launar hegrinn fóstrið.

Skarn kveðr að skitnum mægðum.

Skárri er að vera skorinn í smátt.

Skartið verðr mörgum orðsök til skaða.

Skaut mēr nærsta skelk í bríngu.

Skeindu mig Skúli, og skafðu úr mēr aptan.

Skein þá skúrligar leizt (þókti).

Skemra er til enn var.

Skemst vara skólýti, (skömm eru skólýti).

Skemt er þeim, sem sefr.

Skemtinn maðr er vagn á veg.

Skerðist lof, þá skeikar lukka.

Skil eg fyrrenn skellr í tönnunum.

Skil eg hvaðan alda sú rennur undir.

Skilmálar gánga fyrir lög.

Skil þú sökina aðrenn dæmir.

Skín á gull, þó í skarni liggi.

Skinn er undir, þá skarn er afþvegið.

Skjóta verðr til fugls áðr fær.

Skjót eru skæra lýtin.

Skjótleikinn er apinn eptir að herma.

Skjótt er að skjóta af skömmum boga.

Skjótt er skilið verk.

Skjótt lesið, skjótt gleymist.

Skjótt lífr opt lukkustundin (sólarlaus dagr).

Skjótt skiptast veðr í lopti.

Skjótt spillist dæmgóðr drykkir í dæmilla (óhreinu) keru.

Skipast má á skemri tíma.

Skipast mörgum við góðan búning.

Skipta má jafnara.

Skipt er, um skarða gullið (um stafnbúana).

Skiptir um heill kveana (um hvör áheldr).

Skírlífið er fagr farfi (er sú skársta heimansfylgja).

Skitin hönd gjörir skitinu verk.

Skítr á engan skildaga.

Skækan skiptir sér meðal margra.

Skæl þig skapfeldligar, og skjót í norðr (landnorðr).

Skógrinn er refanna hýbýli.

Skógr hefir eyru, mörk hefir augu.

Skorpnar skór að fæti mæ.

Skotist hefir skírari.

Skrapp úr höndum Haraldr Dönum.

Skríð er á skepuunni.

Skríðna kann fótr þeim frækna.

Skrökvað er skemra.

Skrökvis er skvaldrarinn tðum.

Skugga sinnu má ei skatna lið forðast.

Skulir þú gjöra ráð með öðrum, þá láttu aðra uppkveða.

Skyggja má á ljós dygðarinnar, eu ei útslökkva.

Skyldari er mæ skyrta en hökullinu.

Skyldt er skeggið hökumni.

Skyndibæn er sjaldnar heyrð enn þrálig.

Skyndi dómar eru skoðunarverðir.

Skyndiferð er sjaldan fróðlig.

Skyndiráð eru skaðanum nærst.

Skynditrú er opt skammvinnu, jafnvel skaðlig.

Skýndiþvottrinn er sjaldan fullkominn.

Skynsamr maðr lætr gjarnan við sig ráða.

Skýzt um skák hvörja.

Skýtr í tvö horn með okkr.

Skömm er að skógjörð.

Skömm er heimskra álit.

Skömm er óhófs æfi.

Skömm er skaðligt að geyma en góðu glata.

Sláðu ekki hendiinni á mótí sæmdiinni.

Sláðu ekki ofopt ágætt hljóðfæri.

Sleikjukona safnar aldrei súrri mjólk, (miklum mat).

Slettireka verðr að vera (er optast) á hvörjum bæ (í hvörju hófi).

Slíkar kveðjur sóma slíkum herrum.

Slík eru fljóðin færri, sem falleg stúlkan mín.

Slíkt fá þeir sem sölin jeta, þá þyrstir.

Slík verk heimta-slík laun.

Slíkt öl sæmir slíku brauði.

Slíunin er opt sleppifengr.

Slíngt yrði þér margt, ef slisin fylgðu ekki.

Slisin er íafnan þræla þjóð.

Slægðin hefir mörgum á knè komið.

Slæg etr slægs mat.

Slægr maðr og þögull er viðsjár-verðr.

Slægr ráðgjafi er ágæt eign þeim hann er trúr.

Slæm vara má víða fara og leiugi liggja.

Slæmr geymari gjörir margan þjóf.

Smáir dropar smíða stór vötn (gjöra stóra vætu).

Smakka ei fyrrenu þú fær.

Smámenni eru opt vanmenni (varmeuni).

Smán og fyrirlitunug særa sem dauðlig skeyti.

Smánarlig orð uppvekja hatr og morð.

- Smátt gefr hún enn.
 Smátt gelngi húninn (haninu).
 Smátt markar stórt.
 Smátt skamtar faðir vor smjörið.
 Smátækr er óþokkinu að útbíta.
 Smáþægr er opt hinn ágjarni.
 Smekkrinnu sá sem kemst í ker, keiminnu leingi eptir ber.
 Smekkrinnu verðr mörgum orðsök til ofneyzlunnar.
 Smjaðrið er ljótt þeim, sem talar, en skaðligt þeim, sem heyrir.
 Smiðir (smíða börn) eiga opt verst til spóna (versta knúfa).
 Smiðrinn tekur því teingr, hann tímir ekki að breuua leingr.
 Smurt leðr smakkast hundum bezt.
 Smækka nú bræðr.
 Snarræðið vinnur.
 Snauðr inni heim, öreigi útúr honum.
 Snauðr má lauugum að litlu lúta.
 Snemma beygist krókrinn sem verða vill.
 Snemma eldast slíkir.
 Snemma er það sýnt, sem ætlað er.
 Snemma fer nú karlinn faðir vor í sæng.
 Snemma taka (vita) börn til meina.
 Snúddu þér stakk eptir vexti.
 Snotra verðr heimskan hal.
 Snögg eru Snæbjarna skiptin.
 Snögglyndum er hætt að hrasa.
 Snögglyndr á aptrkvæmt frá illu.
 Snögg trú tælir margan.
 Snögggt er augullbragðið.
 Snögggt má mót á manni sjá.

- Snæliga snuggir (snuggar), kváðu Finnar.
 Sóknari skal vera fyrir sök hvörri.
 Sól eptir skúr skín, (hefir feingið fjölskyldugt em-
 bætti).
 Sólin er allra skepna yndz.
 Sólin lýsir öllum eius, illir og góðir njóta.
 Sólin renur upp fyrr enn margr letíngi afveit.
 Sól skal ráða um sumar, en dagr um vetr.
 Sólunni fagna flestar kindr, nema draugar og dísir.
 Sómi er öllum sitt rúm að verja.
 Sómir það hvörjum, er sjálfr hafa vill.
 Sona gánga kaupin á ciriuni.
 Sorg etr hjarta þess, er segja skal einum allan hug.
 Sorgir sem бага, sjást alla daga.
 Sótt elr sjúkan.
 Sótt er systkyna gleði.
 Sóttin er dauðans undanfari.
 Sótt og dauða sérhvör fær að lokum.
 Sótt og dauði kemur þá sízt varir, brígdult er lýða líf.
 Spá er spaks geta.
 Spakir menn henda á mörgu mið.
 Spakt skyldi elzta barn á bæ og vel vandið.
 Spakr maðr er ei alltið getspakr, þó haun sè ged-
 spakr.
 Sparaðr skildíngur er betri enn sá, sem maðr þarf
 að ávinna.
 Spara þú ekki spjóthvassa túngu.
 Sparlakið sættir síngrandi hjóu.
 Spár mínar eiga ei lángan aldr.
 Sparsemin er ágæt bústýra (cykr aura nægtir).
 Spekin er fyrir ágirnius yfirunni.
 Spèlig spurning fær spottligt andsvar.
 Spilla má með spörunni.

Spónn hæfir þar munni.
 Spott og spè kemr mörgum (hvörjum) á hnè.
 Spott veit að spíta um tönu.
 Spurðu margs, en segðu fátt.
 Spurðu þinn yfirmann með auðmýkt og hógværð.
 Spurning skal niðrfalla, ef ei þykir viðrkvæmiligt.
 Spyrja er bezt til váligra þegna.
 Spyrjum að leiks lokum, en ekki vopna viðskiptum.
 Spyr opt vís, þó viti.
 Spyr sá, sem ekki veit.
 Spyr þess eina, að betra sè þú vitir.
 Spyr þjóð, þá þrír vita.
 Stakkr og kápa bættust ei leingi.
 Stafr er stráks keiri.
 Stattu á móti freistíngunni strax, annars verður allt
 bágara.
 Stattu keikr, þá í kjöltuna kemr.
 Stattu kyrr, hafa skaltu þrjú krúð.
 Stattu kyrr meðan stökt er úr þèr, segja mjalta-
 konur.
 Stöiktar hafa verið stærri krásir.
 Steiun er stafs auki.
 Steldu ekki úr hjallinum, stóri maðr!
 Stendst á kostnaðr og ábati.
 Stendst boli bragð.
 Sterkir gjöra stór verk.
 Sterkt öl gjörir dofið höfuð, og feitan bók.
 Sterkr lás fyrir tómu húsi.
 Sterkr vörðr er fyrir stuldi góðr.
 Steypzt hafa stærri hrafa hreiðr.
 Steypt hafir lukkan stærra manni enn þèr.
 Stíka stráknum spönu (alín), hann stíkar sèr aðra
 sjálfr.

Stíktu mér í, kvað reka.

Stilla má (verðr) á stöttunum.

Stillingarvandt er að stjórna hund sinni.

Stirð er stjúpmeður höndin.

Stirð eru gamalla manna föll.

Stirð eru vetlinga tókin.

Stjúpan hefir opt stirða hönd og þunga.

Stjúpbörn hafa þrátt um kúlur að kembera.

Stjörnurnar gefa ljós, ef ei er uppi sól (þá sól er ei á lopti).

Stolið brauð smakkar laungum sætt.

Stolið góð gyldir eins og óstolið.

Stolinn hestr hleypr bezt (huifr bítr bezt).

Stoltr í stríði, lítill peningr í þungi.

Stoltr opt af stóli dettr, stígr upp sá lágt var settr.

Stórar girndir gjöra stóra þarfan.

Stór byrði kann að beygja sterkan hrygg.

Stór efni þurfa stórt forstand.

Stór elska gjörir stóra sorg.

Stór eru lúngun þín, ef eg er hjartað.

Stór frægðarverk gjörast ekki án stórrar hættu.

Stór gæfa metnað mörgum eykr (gjörir stóran metnað).

Stór gumpr þarf víða brók.

Stórherrar elska svikin, en ei svikarann.

Stórherra vellystingar eflast fyrir sveita og tár hinna undirgefnu.

Stór her hefir af litlum flokki feldr verið.

Stór hugr, en lítill dugr, orkar opt minna enu flugur.

Stór illgirni kann trandt upp að rætast.

Stórir gjöra stór strik.

Stórir herrar án sveina, eru ei mikilsverðir.

Stórir herrar og gamlir lángherðamenn ljúga ótæpt.

Stór koppr skal mat drýggja.

Stórlát er heimskan.

Stór makt verður vanmektug fyrir annari stærri.

Stór uafubót vinar ekki alltið inn stóran heiðr.

Stór orð fylla ei sekkinn (stoða opt lítið).

Stór prakt kann að verða stórt forakt.

Stór ráðagjörð reynist opt forakt.

Stór ráðagjörð reynist opt misjafnt.

Stór sár þurfa mikla græðslu.

Stór skynsemi með illvilja er skrímslisligt hjónaband.

Stór titill ber opt stóra byrði.

Stórri lukku fylgir opt stórt sár.

Stórt álit á sjálfum sér, er ein almennilig synd.

Stórt á við stórt (hæfir stórum, skal stórum bjóða.

Stórt er um, þá stórir ríða (hófa).

Stórt fólk aktar ei smáa hluti.

Stórt nafn vill hafa stóra hrósan.

Straffaðu þig sjálfan fyrst, áðrenn þú dæmir aðra.

Straffaðu þinn vin heimugliga, en ei fyrir öllum.

Straffaðu svo barnið, að þú gleymir ekki guðsótta.

Straffið skyldi samhljóða stærð misgjörningsins.

Straffsverdt er, að vita lög, en vilja ei halda.

Strákar hafa stærstu lukku.

Strákr gjörir stráks verk.

Stránger elfur volgna sciut, þó sól á skíni.

Strángir herrar ríkja sjaldan leingi.

Stránger rættir heimtar stilling góða.

Stríðið er sem teuínagakast, sem veltir lukkunní upp
og niðr.

Stríðið skal aldrei uppbyrja fyrir utan lögligar orð-
safir.

Stuggaðu mýflugunni, hún stígr þig broddinn.

Stund og staðr gjörir margan þjóf.

Stundum í ökla, stundum í eyra.

Stund þarf til alls.

Stutt álit hafa augu blind.

Stutta stund skín hjartr málmr í moldngri hyrzlu.

Stutt er anga-bragðið (hana flugið, kagga (kúta)
veizlan).

Stutt er höndin gott að gjöra.

Stutt er lánglfsið (moldarræktin).

Stutt er skipmahna reiði.

Stutt veizla (yudi) stóð ei leingi.

Stuttir eru morgnar í Möðrudal.

Stuttir menn hafa stórt hjarta.

Stuttr er brúðkaups framiun.

Stuttr er vegriann góðr að fara.

Stuttr er starfstími, en lángr launa.

Stuttr er straffsfræstr.

Styðjið biskupsefnið.

Stærð velgjörðarinnar skal metast eptir stærð vel-
vildarinnar.

Stærstu löstum fylgja opt beztu kostir.

Stökktu ekki svo hátt, þú stígir í skeggið.

Stökkur er stálbngr.

Svall er ekkert örlæti.

Svángur hyggur hann mun aldrei saddir verða.

Svángur maðr er á máli hvörju.

Svara svo dárannum, að hann þekki sína heimsku.

Svara svo eiaum dára, að hann haldi þig ekki sèr
líkan.

Svart á við svart.

Svart er sigrtablið, sjaldan þeim sem áheldr.

Sú á vex fljótt, og mínkar líka fljótt.

- Sú bæn, sem opt er ítrekuð, verður um síðir heyrð.
 Sú dygð, sem engiun afveit, er sem fólginu fæsjóðr.
 Svefn er sjálfs (sjúks) geta (líkamans lækning, sótt-
 anna stilling).
- Svefn er sælgæti hins veika (er sætr þeim þreytta).
 Svefninn hressir lífið líf.
- Svefn og dauði eru samlíkir.
 Svefn og dauði samlagast hvör við annann.
 Svefn og losti setja þunga kosti.
 Svefnleysið ringlar vit, en veikir heilsu.
 Svefnæll er lettinginn laungum.
 Svefn tefr sáttargjörð.
- Svei báðum, svo hvörugr óvirðist.
 Sveingðia gjörfir matinn sætan (sáld sæta).
 Sveingð og þorsti, lygð og losti líða illa að biða.
 Svei þér koppr, úr þér er.
- Svei þér svo svartr þú ert, sagði grýtan við leirpottinn.
 Svei því, sem engu er nýtt.
- Sú elska er heilskygn, sem ræðst af skynseminni.
 Sú elska, sem kviknar af kærleikans þokka, verður
 opt skammvinn.
- Sveltr sauðlaust bú (svelta, sultr er).
 Sveltr sitjandi kráka, en fljúgandi fær.
- Sú er ástin heitust, sem með meinum er bundin.
 Sú er bót ills draums, að vakna sem fyrst.
 Sú er bygðin bezt, sem flestum verður til nytsemdar.
 Sú eign er bezt, að eiga sem nægir.
- Sú er ljálpin kærkominust, sem leingi undandregst.
 Sú er hóra, sem haft hefir með fjóra.
 Sú er illskan verst, sem öllum vill illt.
- Sú er konan ágætust, sem kóróunar sinn ektamaka.
 Sú er lýgin verst, að ljúga að guði.
 Sú er nafabótin eðalligust, að heita réttkristinu.

Sú er ólukkan verst, sem vaxandi fer, og aldrei þrýtr.

Sú er þíkan þrúðust, sem er skírlíf.

Sú er rótin bezt, sem leingi og vel er ræktuð.

Sú er sóttin verst, sem plágar bæði sál og líf.

Sú er steikin krydduð, þar kokkriun heitir svengð.

Sú er vegsemdin varanligust, sem útvegast með lofsverðu framferði.

Sú er vizkan bezt, sem er flestum að gagni.

Sú er þjónustan bezt, sem framkemur af dygðinni.

Sú er æskan bezt, sem elliu má hin beztu not hafa.

Sú fásæða nýbreytni fær margan skoðara.

Sú gjöf er óþægilig, sem loðir í höndum gjafarans.

Sú hönd, sem óhreiur er, gjörir feitan manna.

Sviðandi sár eru betri enn dulin.

Sviði fylgir kláða, en sorg munaði.

Svigna má bogi fyrr enn brestr.

Svik og fals slá sinn herra um háls.

Svikull fær skömm og hrekki, en annað gott ekki.

Svínbeygt hefi eg þann æðstr var Svíanna.

Svíns manns hjarta er sjaldan gladt.

Svíu verður opt á soði brendt.

Svípan gjörir beufjar, en túngan ólæknaudi sár.

Svípul er mæð sona eigin.

Svípull er sjóarafli (svipul er sjóargjöf).

Svíputt er fjarða logleiði.

Sultr er bezta krydd í mat.

Sumir ala aðra, en svelta sjálfa sig.

Sumir eiga seggir fyrr, seiuna öðrum fellr byr.

Sumir elska engan, nema sjálfa sig.

Sumir eru sælir af sonum, sumir af frændum, sum-

ir af fæ, sumir af verkum vel.

Sumir eru vonum framar, sumir vonum síðr.

- Sumir gjöra, og þeinkja síðan eptir.
- Sumir gjöra ei fyrrenu þeir þeinkja hvað eptir kemr.
- Sumir hlutir eiga ekki saman nema nafnið.
- Sumir kunna ekki að neita, sumir ekki að játa.
- Sumir reyna margt, en hygnast þó lítið þarvið.
- Sumir sjá betr fyrir aðra enn sjálfa sig.
- Sumir verða fyrst viðfrægir eptir sinn afgang.
- Sumir vinir eru betri í fjærlægð enu nálægð.
- Sumir ætla að þvo sín lýti með lastmælum um aðra.
- Sumra manna vinfeingi er allteins hægt að fá og missa.
- Sumum líkar ekkert, nema það, sem er eptir þeirra höfði.
- Súrnar nú sáldr í augum.
- Svo á að brúka tíðina, að hún vanbrúkist ekki.
- Svo bággt sem er að ná góðu nafni, svo bággt er að halda því.
- Svo ber refsíng ránglátum, sem góð laun trúlyndum.
- Svo bjargast bí, sem birnir.
- Svo bílar hugr sem dugr.
- Svo bregðast helgir menn sem aðrir (krosstrè sem ðanur trè).
- Svo duga verkfærin bezt, að vit og höndur stjórni þeim.
- Svo er aldr (auðr) sem augabragð.
- Svo er auðr, sem hann er elskaðr til, hann veit eg valtastan vína.
- Svo er bezt að biðja, að maðr þurfi mátuliga með.
- Svo er dýrkeypt dygð sem gull.
- Svo er fátt um herra menn í himnaríki, sem hjartakrof í húsum fátækra.
- Svo er fè, sem fáenir duga.
- Svo er gamanið bezt, að guðsótti fylgi.
- Svo ergist hvör, sem hann eldist.

- Svo er hestr, sem hann er hafðr.
- Svo er hvað, sem reynist.
- Svo er hvað, (hvört mál), sem virðt er.
- Svo er hvör ástsæll, sem hann er eldsæll.
- Svo er hvör hreiulyndr, sem hann er hreinvirkr.
- Svo er hvör leikr, sem að heiman er gjör.
- Svo er hvör kvaddr, sem hann er klæddr (virðtr sem hann er girdtr).
- Svo er hvör, sem hafðr er (sem venst).
- Svo er hvör trúr (tryggr), sem hann er trúsmiðr.
- Svo er hvör við anuann, sem koma má.
- Svo er keirið, sem kvendinu heyrir.
- Svo er kóngr sem kotúngr, smælingi guðs.
- Svo er kyn, sem kappi (forte kostir).
- Svo er leingi sinnið sem skinnið.
- Svo er mál með vexti.
- Svo er margt selt og keypt, að sitt lízt hvörjum.
- Svo er margt sinnið, sem maðriun er.
- Svo er margr sem heitir (Ósvifr).
- Svo er ógu illrar samvizku, að dauðaus ofboð er ekkert hjá því að reikna.
- Svo er peníngriun nýtsamr, sem hann er nýtttr.
- Svo er kvistrinn, sem aðaltrèð.
- Svo er ráð gott, sem rækt er.
- Svo er stakriun, sem kápan.
- Svo er sem þer sýnist, af er fótrinn.
- Svo er vaudfarið með vin sem bróður.
- Svo eru flestir nýtir, að náttúran bæni ekki.
- Svo eru hyggindi, sem í hug koma.
- Svo eru vörustu ráð, þau lukkast opt ei vel.
- Svo er þræll sem frelsingi þekkr guði.
- Svo er æfi, sem útlesin saga.
- Svo eyðist hvör peníngr, sem hann aflast.

Svo eykst sérhvað bezt, að það hafi tíma og tækifæri.

Svo fer bezt, að sérhvör gæti sinna ferða.

Svo fer bezt, að sitt er hvörjum gefið, en ekki öllum allt.

Svo fer þegar ekki vill veiðast (fiskast).

Svo fleytir guð titlíngnum, sem örninni.

Svo flýgr hvör fugl, sem hann er fjaðraðr.

Svo framt veit, sem reynir.

Svo fyrnast ástir sem fundir.

Svo fæðast fuglar (flugur), sem björn, þó á ólíkum bitum.

Svo gánga lög sem hafa tog.

Svo gefr hvörjum, sem hann er góðr til.

Svo góð er ósk í dag, sem önnur á morgun.

Svo grenja grísar eptir, sem gömul svín fyrir.

Svo hvörjum, sem hæfir.

Svo kanu gleðin, sem sorgin, sjúlfan að skaða.

Svo kærkomin sem gjöfin er, svo kærkomið skyldi vera að launa hana.

Svo leingi blygðunnin býr í huganum, svo leingi er dygðin að vaxa.

Svo leingi má læra, sem lifir.

Svo leingi sem lönd byggjast, munu lestir vara.

Svo leingi sem vèr lifum, mun oss alltið eitthvað vanta.

Svo linna tregar, sem tíðir.

Svo ljót sem hræsni er fyrir guði, svo skaðlig er hún fyrir mönnum.

Svo má aga íllt barn að betra verði (jaga gott barn að verra verði).

Svo má brýna deigt járn, að það bití.

Svo má eins manukostum spilla, að ókostir verði.

Svo má einn glópr spyrja, -að tíu vitrir kunni ei úr
að leysa.

Svo má góðu venjast, að gæðalaust þyki.

Svo má illu venjast, að gott þyki.

Svo má leiðr ljúga, að ljúfr verði að trúa.

Svo má leingi keipa, að einn fáist.

Svo má leingi leita, að líka sinn finni.

Svo má ufða sem prýða.

Svo margi sem maðr elskar, svo margi fangi er
hann.

Svo umbreytist málið, sem rit og rúna vit.

Svo margir sem að þèr dæzt, svo margir öfunda þig.

Svo má spilla Dagverðarnesi, að það ei verði betra
enn kotið Kára-tóptir.

Svo má spilla mjólkinni á Islandi, að hún ei verði
betri enn selsoðið á Grænlandi.

Svo má svelta heiðvirðann, að hann neyðist til að
stela.

Svo má það vera fiskr og smjör, að það drepi manni.

Svo mega tveir ljúga, að hinn þriðji hángi.

Svo mælir (talar) hvör, sem hann er maðrinn til
(sem honum er umlugað).

Svo nýtr hvör, sem hann þiggr.

Svo nýtr maðr beztr fæðunnar, að hún nái að
smeltast.

Svo opt sem þú syndgar, svo opt áttu að iðrast.

Svo prisaðr sem þú villt vera, svo vel áttu að gjöra.

Svo rennr blóð í æðum upp sem niðr.

Svo sem bráðlætið er opt skaðligt, svo er og of-
mikill undandráttr.

Svo sem náttugluna vantar hljóðin.

Svo sem peningrinn prýðir suma, svo niðir hann
suma.

- Svo sem sæðið er, svo er ávöxturinn.
- Svo sem þeir gömlu sýngja fyrir, klíngja börnin eptir.
- Svo skal böl bæta, að bíði (að bíða ei) annað meira.
- Svo skal leiðan forsmá, að ansa honum eugu.
- Svo skal maðr síns vinar vinr vera, að hann verði ekki guðs óvinur.
- Svo skal neyta, sem nóg sè, spara, sem ekkert sè.
- Svo skal vanda vísuna, sem sómir þeim. (sá er völd-ugr), er við á að taka.
- Svo skal vefa, sem vefnum gegnir.
- Svo skyldi hvör öðrum gjöra, sem hann vill láta sèr gjöra.
- Svo skyldi maðr lifa, sem hann vill fundinn verða í sínum dauða.
- Svo slít eg skóm bónda, sagði smalinn.
- Svo tímgastr sæði, sem veðr og jörð er vökvasamt.
- Svo vel kann að vera löstur þögnað sem sögunu.
- Svo verðr að húa, sem á bæ er tídt.
- Svo verðr að fortelja ill tíðindi sem góð.
- Svo verðr að hafa hóf á vitzkunni sem fávitzkunni.
- Svo verðr að lesa sem skrifað er (segja hvörja sögu sem hún geingr).
- Svo verðr að standa, sem komið er.
- Svo verðr að sækja eptirláni, sem óláni.
- Svo verðr að taka ár, sem það gár.
- Svo verðr að vera sem vera vill.
- Svo verðr á sviunum sem ósviunum.
- Svo verðr hvör að vera, sem hann er vaxinn.
- Svo þakkar hvör sem hann ætlar sèr að launa.
- Svo þykir hvörjum tilkoma, sem hann þakkar.
- Svo ætti illt að varast, sem gott að ástunda.

Sú persóna, sem ei hefir nema fagurt álit, má verða
hættuligr varningr.

Sú rétta þekking sjálfs síns er ei auðfengin.

Sú rót ber opt ramastan ávöxt, sem með mestum
sveita er ræktuð.

Sú synd, sem maðr þekkir ekki, kann að verða hin
skaðligasta.

Sú valdstjórn er verst, sem kraptana vantar yfir
þeim undirgefna.

Sú þjónusta, sem sker af þrældómsótta, er varla
þakkarverð.

Sú æska er lofligust, sem kemst nærst Kristi eptir
irdæmi.

Sú ætt, sem undirgeingr, kemst sjaldan til síns
fyrra sóma.

Sú ætt, sem uppgeingr fær misjafut álit.

Sýlfrkerin sökkva í kaf (í sjó), en soðbollarnir fljóta.

Sýna muntu mér sem öðrum.

Sýndu mér manninn, en ekki matkeraldið.

Sýndu það ei öðrum, sem þú sjálfr amast við.

Sýngr hvör með sínu nefi.

Sýn mér fatið af faldinum.

Sæðið má ei lófa fyrrenn sèst þess ávöxtur.

Sækjast sèr um líkir, og samanbúa niðingur.

Sækir (sigr) á seinni hlutann.

Sækir hvör, það sáir hann.

Sækir kraka sinu maka.

Sækist þó seint fari (gángi).

Sæktu varliga eptir þínum óvin, sem undanfýr.

Sælir eru þeir sem vel hafa þent (af hafa lökið).

Sælla er að gefa eun þiggja.

Sæll er sá í heiminum, sem eugin börnin á.

Sæll er sá, sem aldrei venst góðn.

- Sæll er sá, sem alltið er uggandi.
- Sæll er sá, sem annars böl bætir (sem einhvöru góðan á að).
- Sæll er sá, sem friðinn fangar.
- Sæll er sá, sem góðs má vænta (sínu unjr).
- Sæll er sá, sem góðu safnar (gleðst af velfengnu fê).
- Sæll er sá, sem góð umskipti getr öðlast.
- Sæll er sá, sem guð varðveitir.
- Sæll er sá, sem hamíngju ber hófliga.
- Sæll er sá, sem hefir heilbrigða samvizku.
- Sæll er sá, sem hefir hlotið manndygð mikla og mannvit.
- Sæll er sá, sem hefir róligt sinni, hvört lukkau er með eða mót.
- Sæll er sá, sem hræddr er, sè hann mátuliga hræddr.
- Sæll er sá, sem krossinn kann að bera með þolinmæði.
- Sæll er sá, sem lifir eptir lögmáli kærleikans.
- Sæll er sá, sem lukkau leiðir í leyfi guðs.
- Sæll er sá, sem lyktar líf með lukkuðögum (með lukku má lifa).
- Sæll er sá, sem lætr sèr annars víti að varnaði verða.
- Sæll er sá, sem miskun miðlar (safnar góðu).
- Sæll er sá, sem nokkuð á uudir sjálfum sèr.
- Sæll er sá, sem prýðir ellina með iðruninni.
- Sæll er sá, sem réttvisina rækir en rángindin forðast.
- Sæll er sá, sem sèr getr sjálfr lofs aflað.
- Sæll er sá, sem sèr, og sèr það eina gott er.
- Sæll er sá, sem sjálfr á lof og vit meðan lifir.
- Sæll er sá, sem sjálfr má sína nauðsyn bæta.
- Sæll er sá, sem sig kann gleðja (réttiliga).
- Sæll er sá, sem sinu guð elskar.

- Sæll er sá, sem sínu ann (unir).
- Sæll er sá, sem sitt ráð kann að bæta.
- Sæll er sá, sem tíðina tilbæriliga brúkar.
- Sæll er sá, sem vakir nær hans herra kemr.
- Sæll er sá, sem vænta má, megi hann góðs vænta.
- Sæll er sá, sem það forðast mest, er hann skaðar mest.
- Sæll er sá, sem það yðkar, er eyflífliga gagnar.
- Sæll er selnúgrinn, því hann er sjálfráðr.
- Sællífið gjörir aflvana orku líkamans.
- Sæll nafni, svo erum við jafnir.
- Sæmd er að slíkum.
- Sæt er ávinnings vonin (hofkakan) (synda ást).
- Sæt er sjálfs geta, ef sjálfr náir að eta.
- Sætið á ekki að gjöra manningnum æru, heldr maðrinn sætiuu.
- Sæt orð eru svikult atkeri.
- Sætt er að súpa, en sárt að gjalda.
- Sætt er allt (flest) á sjálfs búi.
- Sætt er (súrt er) lof í sjálfs munn.
- Sætt er sameiginligt skipbrot.
- Sætt opt sárt sker innan.
- Sætr er sjaldfeuginn matr.
- Sætr er sjódaudi, vesæll vatusdaudi.
- Sætr er sonar-aflinn (sögubitinn).
- Sætr matr gjörir stóran munn.
- Sætr matr óheilnæmr er betr ótinn.
- Söðullinn er settr upp, áðrenn sóatr er hestrinn.
- Sögu skyldi ætíð byggð á sönum rökuin.
- Sögvis er sjaldan sanuorðr.
- Sögvisum manni er trauðt að trúá, þeim sem með rógi rennr.
- Sökina, tímann og persónuna skaltu ætíð yfirvega.

Sökin bítr manninu (bítr sárara enn tónur).
 Söm er Halla kerling og hefir verið.
 Sönn hreysti veiklast ekki í mótgáginum.

T.

Taka ber vel tíma hvörjum.
 Taka má einu, og slá marga með.
 Taka skal hið minna, ef ei gefst hið meira.
 Taka skal viljann fyrir verkið.
 Taka skal vel þeim fyrri tíma, en trúa laust þeim
 seiuni.
 Tak ei gjör enn þér er gefið (greiðara enn gefið er).
 Tak ei grásleppu með gullneti.
 Tak grátt salt af vöndum gjöldum.
 Takið allt af ykkur nema hnífana.
 Taki hvör mark og mið á sjálfum sér.
 Tak margt smátt, legg það saman, svo verður það
 mikið.
 Tak ráð af Rauðskegg, reynslan sýnir hvað trú eru.
 Tak strax frumgróða virðingariunnar, annars hverfr
 hún.
 Taktu á sjálfr, svo tímgast erviðið.
 Taktu ei á því með óþvegunum höndum.
 Tak þar skil, sem þau eru engin til.
 Tak þér ei stærri byrði, en þú kannt að bera.
 Tak þér vara fyrir teygjubitum og tálgresi.
 Tak þig aptr um ávirðingar.
 Talaðu fátt, en taktu vel eptir því, sem aðrir tala.
 Talaðu svo eg sjái þig, sagði spekingrinn.
 Talaðu svo ljóst, að ei þurfi orð þín út að leggja.
 Tál er tryllt hjól.

- Talhlýðinn maðr verðr allra þeirra narri, sem að honum ljúga.
- Talið er skuggi verkanna.
- Talið skal blanda með tuktugri skemtan.
- Talið skal ei einasta vera nytsamt, heldr þægiligt.
- Tamt er þeim fólsku trygð að spilla.
- Tamr er barnsvaninn (vandinn).
- Tapað gott maunorð er torveldt áptr að fanga.
- Taskan er tóm, þú talar með lágum (því talar hún svo lágan róm).
- Tefðu ei við gott tækifæri.
- Tefi ei tvíkostli.
- Teflir hvör um tvo kosti, að tapa eðr vinna.
- Tefst þeim, sem minna finnr.
- Tekst þá tveir vilja (sè báðum jafnviljugt).
- Telja má það til er hæft.
- Teníngr er vouðr varníngr.
- Tennur bera ei kosti í kokkhús.
- Tjalda verðr til einrar nætur.
- Tíð á sér tíma (tíð).
- Tíðindi mundu oss það hafa þókt eina stund.
- Tíðindi þykja nýmæli öll.
- Tíðindum er að lýsa.
- Tíðindum illum allir vilja trúa.
- Tíðin gefr og tekr alla hluti.
- Tíðkast þau breiðu spjótin.
- Tíðtafnendr er Teitr bóndi.
- Tíðum betr tveir enu einn úr treganum ráða.
- Til alls þarf eitthvað hafa.
- Til er eg, kvað hún Tóva á Gili.
- Til er vinnandi.
- Til er það, tala má það.
- Til fólginis má taka, en farins ei.

Tókstu nú það þú tapa skyldir.

Tóm er nú tuðran þú, lúsa-Loptr!

Traudt er svo góðr, að galli ei fylgi, nè svo ó-
nýtr, að engu dugi.

Traudt er tveimr mótsnúnum frið, að festa.

Traudt má fá fyrirgefuíng sá ekki vill afláta.

Traudt má góð kona rætt kend verða.

Traudt má svo á öðrum hefna, að maðr skaði sig ei
sjálfan mest.

Traudt má vinna tvennt um sinn.

Traudt mun eg trúa þèr, tröll! kvað Haustkollr.

Traudt mun hrekkvís hjá hefndinni sneiða.

Traudt mun hugurinn hlæa við leiðum.

Traudt skaltu trúa akri ársánum og úngum syni.

— — — brúðar beðmálum og brotun sverði.

— — — bjarnar fimleik og barni höfðingja.

— — — brestandi boga og brennandi loga.

— — — fljúgandi fleini og fallandi báru.

— — — gíuandi úlf og galandi kráku.

— — — heiðríkum himni og hlæandi herra.

— — — húsi hálfbrunnu nè bróðurbana,
ef á braut hittir.

— — — ísi einnættum og ormi hríng-
lögðum.

— — — sjúkum kálfi og sjálfráðum þræli.

— — — val úrfeldum og völvu efa- (vil)-
mælum.

— — — vaxandi vogi og vellandi katli.

Traudt skaltu trúa þeim, þú hefir illt tilgjört og ei
forlíkað.

Traudt skaltu trúa þínum óvin, þó blíðt brosi.

Traudr gelugr gamall refr í gildru þranugva.

- Traust lætr tíðum laust.
 Tregr geingr auladrengr illa gryttan veg.
 Treystu aldrei minninu, heldr minnistöblunni.
 Treystu ei tafli hálfuunu.
 Treystu ei því, þó vegrinn sè slætr, heldr vit þú fó-
 um þínum forráð.
 Treystu Guði og mun hann hjálpa þér.
 Treystu þann þú tryggja villt.
 Trúðu aldrei vetrarþoku (sofandi manni nè sjúkum).
 Trúðu ei barni að broti kunnu.
 Trúðu engum fyrir öllu því, sem þú hugsar.
 Trúðu engum svo vel, að þú trúir ei sjálfum þér
 bezt.
 Trú er traust stoð í stórum mótgangi.
 Trúfast sinni tignar margau mann.
 Trúgjarn er tíðum málgjarn.
 Trúgirnin opt tælir heimskan.
 Trú hönd geingr gegnum öll lönd.
 Trúlyndum trúa flestir, en hann ei hvörjum manni.
 Trúr er tregalaus vegr.
 Trúr og ótrúr eiga illa saman.
 Trúr vinr er sterk stoð í neyð.
 Trú þú engum til fulls, sem þú útst ei saltið með.
 Trú þú lukkunni varliga, því hún breytist opt snar-
 liga.
 Trú þú (ei) refnum, hann terrar að þér (tekr af
 sèr) halann.
 Trúðu þínum stallbróður varliga (en sjálfum þér
 bezt).
 Trygð er tíðum lángræk.
 Trygðin er tryllt sögð.
 Tröll eru í trygðum bezt (gánga traudt á grið sín).
 Tröll eru mörg í Tírs höll.

- Tröll eru ríkra manna gersimár.
 Tröll hafi Trèfót allan.
 Tröll jeta taldreginn eyrir (eyða taldregnu fè).
 Tröll kinda torfeld.
 Tröll toga þær tungu ur höfði.
 Tröll vísa hrossum á haga.
 Tveggja hjóna hundr hvörugum trúr.
 Tveggja vega skoðari kann tvíráðr verða.
 Tveggja vin er Mörðr og hvörugum trúr.
 Tveimr enn einum tekst opt betr.
 Tveimr er tveggja hugr.
 Tveir harðir steinar mala sjaldan smátt.
 Tveir hlutir hindra góð ráð: flýtir og reiði.
 Tveir í hættu eru hvör annars þurfi.
 Tveir líkir leika best.
 Tveir ólíkir eiga trautt saman.
 Tveir vegir liggja til allra menta, erviði og fram-
 sýni.
 Tveir verða úr einum, þrír ef lengi lífir.
 Tvennar liggja leiðir fyrir hendi.
 Tvennir eru tímaruir, annar inn að taka, annar út
 að svara.
 Tvennt (tveir) er í hættu hvörri.
 Tvennt er kyn að manni hvörjum.
 Tvennt kann til að bera.
 Tvennum fer þá (nú) sögunum.
 Tvennum gengr. óhófunum (al. vandræðunum,
 ósköpunum).
 Tvíráð orð í ræðum eru betr ótöluð.
 Tvisvar eðr þrisvar það, sem vandt er.
 Tvisvar verðr gamall maðr barn.
 Tvisvar verðr sá feiginn, sem á stelniinn sezt.

- Tvísýn reisa fær opt óviss afdrif.
 Tvítvinnuð ást er einna dýrust.
 Túnga hins vitra gjörir lærdóminn kæran.
 Túnga hygginna manna er heilnæm.
 Túnga lygarans skaðar á tvo vegu, sig og aðra.
 Túngan er sendiboði hugrenninganna, (sinnisins, hjartans túlkr).
 Túngan er tollfri.
 Túngan sór, hjartað var hvörgi nærri.
 Túngunnar eittr er hið skaðvænasta.
 Túngunnar sár eru djúpust, (munu traudt gróa).
 Tvö eru augu, og tvö eyru, en túngan ein, því talar hún ofmargt, ef hún segir allt það, sem augun sjá og eyrun heyra.
 Tvær krákur á einum asna (segist þá tveir slægir setjast að einum einföldum).
 Tvö eru hófin, og ratar heimskr hvörugt.
 Týrsdagur er tímadagur.
 Týrönnum þarf enginn segja klæki sína.
 Tæp er nærsta lífsins leið.
 Töluð orð og tapaðr mejdómr verða ekki aptrekið.
 Töpuð gæði mínið helzt metr.
 Töpuðu gózi er gott að voga.

U.

- Uggandi er, að sá sè eldvar, sem ekki er orðvar.
 Uggir mig, að arfasátan brenni.
 Úlfr er ókendr maðr.
 Úlfr er (verðr) sá með úlfum venst (býr).
 Úlfrinn gengr úr hárunum, en ei frá náttúrunni.
 Úlfrinn hefr sèð hann fyrr, hann er hás.
 Úlfr rekr (etr) annars erindi.

- Úlfs er helzt að illu getið.
 Ullar vegna leitar margr að sauð.
 Ullin þrýðir sauðinu, skeggið manni.
 Um aðra segir, en sjálfan sig þegir.
 Umbera skal bresti vinanna.
 Umbreytist geð við aurasafn og árafjölda.
 Um brjóstleysinginn talar lýðriun illa.
 Um dýrmæta hluti þrátt deilur rísa.
 Um fjærlæga menn skal þegja, eða fátt og vel tala.
 Um Guð skal tala með gætni og vegsemi.
 Um heilt er bezt að binda (búa).
 Umhirðing frekar fè,
 Umhlaupariun má vera fréttafróðr.
 Umhyggjan er atvinnu móðir.
 Umliða verður orðu náttúrunnar.
 Um of er, þá einn asni kallar annaun sekkbera.
 Um ofháa hluti skal með vareygð tala.
 Umþeinking hættunnar linar fullhuganu.
 Una má við auðsælu og allra manna lof.
 Undan að láta stillir marga ólukku.
 Undandráttr er enginn afslátr.
 Undandráttr eyðir opt til fulls ásetningi og framkvæmd.
 Undandráttrinn eykr hefndina.
 Undandráttrinn gjörir allfestum skaða (ónýtir mart
 tækifæri.
 Undan hrösun fer óhóf.
 Undarlíga útdeilir Guð sínum gífum.
 Undir hvörjum steini hvílir höggormr.
 Unganna skal jarlinn herða.
 Ungann skal læra, gamlann færa.
 Ungar ekkjur og gamlar þskur eru sjaldan manna-
 vanlar.
 Ungir folar dansa sem hestar.

Úngra gjörðir og öldunga ráð hafa nokkurn stað.

Úngt á við úngann (úngt).

Úngt er úngra ráð.

Úngr er hraustr, aldraðr traustr, en þolinmóðr yfirvinar.

Úngr má, en gamall skal.

Úngr má því venjast, er gamall skal hafa.

Úngr skyldi læra það aldraðr skal kunna.

Úngr venst, gamall gjörir.

Unir auga meðan á sèr.

Unir æ góðr á vegi.

Uppá auðmjúka bæni vænta mennu auðmjúks andsvars.

Uppbyrjan og endalykt skal maðr jafnt athuga.

Uppbættir verðr umliðinu tími, en ei aptrfenginn.

Upphaf og endir til orða og gjörða athuga skal áðrenn byrja.

Upphaf vízkunar er að heyra hana gjarnan.

Upphef þig með dygðum, en ei drambi yfir aðra menn.

Uppi tollir eitt ráð.

Upp kemr þó í kaf fari.

Uppkoma svik um síðir.

Uppkveiktr eldr kann sèr ekki að leyna.

Úr annars vandræðum að ráða, vill ei nè kann hvör mann.

Úr brjósti kemr blíða og heipt.

Urðar orði kveðr (kviðir) engi maðr.

Úr framandi stöðum er fréttavon.

Úr gamni verðr opt grimm alvara.

Úr góðum stað er illt að ganga alfarinn.

Úr heiði kemr hiti og frost.

Úr ljótum selskap er lofligt að flýa.

Úr manuraunum er mjög vandratað.

Úr óefnum (hvörjum vandræðum) verður eitthvað að
að ráða.

Úrræða-þjóttr skyldi og vera úrræða-góðr.

Úr sætuin jurtum verður opt súr drykkur.

Úr tómum þungi telr enginn peninga (fê).

Úr útleð að leysast eru yndæl friheit.

Úr því er að ráða sem er (sem komið er).

Úr æsku í elli er eymðafull leið.

Uslagjöld eru sjaldan tvöföld.

Utarliga er óvirðingar sæti.

Úthorinn eyrir er jafnt við alla falr.

Út er runnið öltár.

Úti er blíðan, þá tóm er tintin.

Úti er dauði fyrir dyrum.

Úti er vinskapiunn, þá ölið er af (þá af er) könnu-
unni.

Úti er þraut, þá unnin er.

Útlát hins auma eru öll góðra gjalda verð.

Útsóan og úzka eru eins lástverðar.

Útum grafarport gangum vèr allir.

Uxinn fór í England, kom aprt naut.

V.

Vaknar hvör til sinna leifa.

Vakta vel þín orð í sérhvörjum selskap.

Vakta þig fyrir lítilátum ljómandi orðum.

Vakla þig fyrir vin þeim, sem þú hefir sæzt við.

Vakta þig fyrir vitrum, ef vera kaun ótrúr.

Vakta þitt gin! segir vin.

Valt er veraldar (lukku) hjólið (vífsyndi, vólubeinið).

Valr er fugla hraðsleygastir.

Vammalaus er varla nokkr (er verði þetri).

- Vanans lestir vaxa eins og kraptarnir.
 Vanbrúkuu blutanna veikir opt heilsuna.
 Vanbrúkun vizkunnar er óviti argari.
 Vanburðir og ekki -vill, varna mörgum að syndga.
 Vandagað er veikt og óhlýðið barn.
 Vandfarið er með annars eign (á milli skers og báru).
 Vandfarið er á milli vantrausts og oftrausts (á
 vondri braut).
 Vandfarið er með vænan grip.
 Vandfenginn er vinr trúr (hreinn).
 Vandfengia eru yinsamlig ráð, og viti borin.
 Vandfengia eru öðrum betri ráð enu sjálfum sér.
 Vandgeymð er veik samvizka.
 Vandgeymt er þessa leyfið (gott mannorð).
 Vandí er að breita, þá vel fellr.
 Vandí er illt rætt að brúka.
 Vandí fylgir vegsemð (velsemd) hvörri.
 Vandlifað er með vondum og góðum.
 Vandratað er meðalþófið.
 Vandrötuð yerðr bliadum ókunnug gata.
 Vanssèð er hvað viðtekr, ef góðu er neitað.
 Vandsèð er hvört betra er að lifa lengi eða deya
 snart.
 Vandsèð er óforþeinkt áform, hvörnig til lykta leið-
 ist.
 Vandsèð eru veðr að morgni.
 Vandsènir eru Jesús mennirnir (eru margir).
 Vandsènir eru reka búarnir (vinirnir).
 Vandskoðuð er æfi manns til enda.
 Vandstaðið er hjá herrum og norrur.
 Vandstillt er völdugra sinni (eru vetrarlífin).
 Vandt er á að geta (gezka).
 Vandt er að festa venskap við vanryktaðann.

- Vandt er að geta fyrir annars skap.
- Vandt er að lofa mann í hendr Kristi.
- Vandt er í Haukakkörðum (í veröldu búna, að stilla stóra).
- Vandt er að sjá, hvört gæfan fer einum fyrir eða eptir.
- Vandt er milli vina að dæma (vel að gjöra, velboðna að neita).
- Vandt er við brögðóttum að sjá.
- Vandt er viðkominn beggja vin (tveggja).
- Vandt er vin að fá, vandara að halda.
- Vandt er vitnalaust mál (úr vöndu að ráða).
- Vanefnin eru fátækum fylgispök.
- Vangeymslan er opt orðsök skaðans.
- Vauhirðing hlutanna gjörir þá óvaranliga.
- Vaniun gefr listina (er líf listanna).
- Vaniun lángrínt verðr að annari náttúru.
- Vanosið og velosið virðist ei að jöfnu.
- Van og of fær sjaldan gott lof.
- Vantraustið og oftraustið er hvörttveggja skaðligt.
- Vanþakklætið tillykr veitarans hönd.
- Varaðan glæp er verst að forðast.
- Varanliga gjöf skal vinum gefa.
- Varan bið eg þig vera, enn ei ofvaran.
- Varastu að dæma vina á milli, svo ei missir þú annann þeirra.
- Varastu að gjöra hvað þínum veitara er óþægilligt.
- Varastu allt það illt má afhljótast.
- Varastu allt það velferð spillir (það verr má fara).
- Varastu ekki vandan þræl að hirta.
- Varastu fall í ljúfri lukku.
- Varastu hans umgeingni, er vill þér illt, ef veiztu það.

- Varastu kapp þó vinna megr.
- Varastu klæki, svo vel þér kvöldi (löstu á meðan lifir).
- Varastu mistraust í mótgánga tíð.
- Varastu vitrann í eyru lofa.
- Varastu vorísa (veikir eru vorísar).
- Varastu þann forvitna, því þann kann líka að vera skröfngr.
- Varastu þann, sem elskar heldr þitt enn þig.
- Varastu það hjá vinnum, sem vináttuna kann að veikja.
- Varastu það sjálf, sem þú vitir á öðrum.
- Varastu þjófnad og vesælan dauða.
- Varð á fyrir þorkelli hák.
- Vareygð skal læra af vondum gjörðum annara.
- Vareygð þarf til viðsjárgripi að eiga (við vondu að sjá).
- Varfærina maðr er sjaldan mjög auðtrúa.
- Vagr bítr ei þar borium er (sjaldan nærri greni).
- Varliga skal hið vandsæna meta.
- Varliga skal veiða uppúr börnunum.
- Varmr koddi gjörir opt þúngan svefu.
- Var og gætinu skal virða hvör í orðum og verkum.
- Varpa skal til vina, en fleigja til fjandmanna.
- Vatus er þörf þeim til verðar kemr, og mjög er mæddr.
- Vatus-krús sitr við dyr, en vinkanna (silfur-ker) ekki.
- Vaxa börn þó vatn drekki.
- Veðr ræðr akri, en vit syni.
- Vega skal sigr með sverði.
- Veiðimenn taka héra af hundum.

- Veiklast vonin, þá vesnar tíðin.
 Veikt og sterkt á varla saman.
 Veit hundr hvað jetið hefir (hvað honum er of-
 gott.
 Veit hönd hvað hefir.
 Veiti þér bág, þá vertu kyrrlátr.
 Veit refr refs æði.
 Veit svín hvað sèr sómir.
 Vektu ekki ólukkuna, þá hún sefr.
 Vel að vonðum lukkan lætr.
 Velakaup skal að vettugi hafa.
 Vel ber að virða vinarins ávítun.
 Velbrúkaðr klókskapr er enginn löstr.
 Veldu þér ei þann vin, sem tekr ljómann frá þíni
 virðingu.
 Vel er þeim, sem bæði þekkir og meðkennir.
 Vel fást ráð og vinir, þá vel geingr.
 Velferð ber bezt að vanda.
 Velfengins fjár fær maun vel notið.
 Vel fer, en fara má þó betr,
 Vel fór sá fyrsti.
 Velgeingnin vill ætíð lifa í sælu og virðingu.
 Vel geingr vaggau.
 Vel gjörði Guð, hann gaf ei ægum uxahorn.
 Velgjörð enga virðing ber, vanþökk honum í stað-
 inn tær.
 Velgjörðin kemr sèr optar vel, enn í stærstu nauð-
 syn.
 Velgjörðirnar eru hinn rammasti (sterkasti) seiðr.
 Velgjörðirnar eru þrennslags: til nauðsynja, til
 gagns, til gamans.
 Velgjörningarnir eiga að ganga á vixl vina á milli.

- Vel kann það vera, að vitr maðr skipti geði sínu, þó
 hann lastvar lífi.
 Vel kann hygginn vanart sinui að leynd.
 Vellystin á þá systir, sem heitir sorg.
 Vellystug æska gjörir ólystuga elli.
 Vel má Slóttólfr slæki eiga.
 Vel og leingi varir fátt.
 Vel þúngað, vel haldið.
 Vel kveða mennirnir.
 Vel sè þeim, sem á frómleikann fýsir (sem að vel
 gjörir.
 Vel skal stunda það velferð stoðar.
 Velskikkaðann virða flestir.
 Vel skyldi elzta barn á bæ vera vanið.
 Vel stíga börnin.
 Vel talar bóundi um hús sín.
 Velt hefir þórðr þýngra hlasi.
 Veltr þúngað sem vera vill.
 Vel ætti vegligt að geymast.
 Vend kápu eptir vindi (veðri).
 Venja má dýr þó baldið sè.
 Venst vesæll vosi.
 Veraldar blíðan veltist opt.
 Vera má huoss, þó ei sè kraginn haus Odds (þó ei
 sè kraginn á.
 Vera mun sem vant er, vatn undir flautum.
 Verði betra þykir vitrum hal að eiga víða vini.
 Verði mèr að sigrfati.
 Verði mèr að skript, en ei hrósun.
 Verði ætíð hvað vill minn Guð.
 Verðkaup margra er vouin ein.
 Verðr á fyrir varamönnunum líka.
 Verðr er verkamaðrinn launauna.

- Verðr hvör fyrir sér að sjá.
- Verðr hvört að vera skal.
- Verðr sá, sem víða fer, vísari þeim, sem heima er.
- Verðr það er varir, og ekki varlr.
- Verðr þrátt það varir sízt.
- Veri það þess happ sem hlýtr.
- Verk er vottr meistara.
- Verkið lofar meistaran.
- Verkiu sýna merkiu.
- Vertu aldrei illu feigiun, lát þín heldr að góðu getið.
- Vertu að, þá vinust þér um síðir.
- Vertu alltið aðgætina um þínu embættis reikning.
- Vertu alltið var um þig, en láttu enganni vitá af því.
- Vertu annaðhvört maðr eða mús.
- Vertu auðmjúkr við alla, er ei undirgefinn.
- Vertu auðmjúkr við þinn yfirmann, en vingjaraligr við þiun líka.
- Vertu bæði ragr og áleitinn.
- Vertu ekki einfaldr í öllu (ei reiðr, þó þú missir).
- Vertu ekki illr af því þú sèrt ofgóðr.
- Vertu ekki nauðstöddum of-naumr, ef nægtir hefir.
- Vertu fámálugr meðan fífl gapa.
- Vertu sjótr að heyra, en tregr að tala.
- Vertu glaðr á þeim góðu dögum, en hugsaðu þó til þeirra vondu.
- Vertu hlýðinu góðum ráðum, og kennu þú fáfróðum.
- Vertu hnghraustr í mótlæti, en óttasleginn í meðlæti.
- Vertu jafn við vini þína, hvört þér geingr með eða mót.

- Vertu í trygðum trúr.
 Vertu mér ei veraldar raun.
 Vertu nánðstöddum hjálpanði, nær sem þú mátt.
 Vertu óttasleginn í illum selskap.
 Vertu prýði þíns húss og vandlætari þinna verka.
 Vertu réttvís við þinn undirmann, svo ekki straffi
 þig þinn yfirmaðr.
 Vertu seinlátr í þínum ráðagjörðum, en snarráðr í
 framkvæmdinni.
 Vertu sjálfr lastvar, svo lasta þig færri.
 Vertu sparari að orðum enn auði.
 Vertu svo hófsamr, að þú komir ekki í nokkurn
 illkvitt.
 Vertu svo mikill á borði, sem þú ert í orði.
 Vertu trúgjarn með vareygð, en vantrúaðr með um-
 þeinkingu.
 Vertu viðbúinn því illa, svo að þú kunnir að hindra
 það.
 Vertu við öl varastr og annars konu.
 Vertu víuavandr, og yfirgef þá ekki óréttilliga.
 Vertu vinfastr vinum þínum, en veit ei vináttu hvör-
 jum sem hafa vill.
 Vertu þar ekki, sem þig varðar ekki.
 Ver þú mér ekki það þú veitir ekki.
 Veröldin er viljadrjúg (er voðahál).
 Vesna mun nú þykja hinni dönsku að kyssa oss,
 (sagði Búi digri).
 Vesnar ei þó vondr lofi.
 Vesælau dregr fsið flest.
 Vesæl er virðingagirnd.
 Vesæll er barnlaus.
 Vesæll er vesælum verstr.
 Vesæll fiskr fer í vesæls manns net.

- Vesæll maðr hlær að hvívetna.
 Vesælum er spott vísara (verra) enn skaði.
 Vesöld frómra manna varir ei alltið.
 Vesöldin mun flesta buga.
 Vetrinn er sumarsins erfingi (arfi).
 Vetrinn þekktist af veðráttu og sólfari.
 Vetr og sumar eru svo ólík, sem nótt og dagr.
 Vex hvör við velkveðin orð.
 Vex vilji þá vel gengr.
 Viða dreifist mjöl og mjólk.
 Viða er góðs (mannsins) getið.
 Viða eru vatnsins rennur.
 Viða kemr fram illska þínu, Ubbi!
 Viða koma Hallgerði bitlingar (pitlingar).
 Viða koma karli kyr (kið).
 Viða leynist vondra manna lukka.
 Viða liggja vegamót.
 Viða nær blóðið til.
 Viðar er Guð enn í Görðum, hann er líka í Grind-
 arskörðum.
 Viða stendr fê fótum.
 Við eld skal öl drekka, en á ísi skrifa.
 Við eplin syndum.
 Við hamíngjubrest er hvíldin bezt.
 Við illt (lítið, lætt) má bjargast, en ei við ekkert.
 Viðkunur klækr gjörir mann vísan.
 Viðleitni er hvörjum boðin.
 Við mörgu er að sjá.
 Við rammann er reip að draga.
 Við selum er að sjá.
 Viðskilnaðr er mörgum þánger.
 Við sumar dygðir þarf beizli, en sumar spora.
 Viðrgefendr og endrgefendr eru beztu vinir.

Viðrmælis er hvör maðr verðr. þá smátt siglissá ríðni
 Viðr rass þarf víða brók. hlípa stöðv 10 ríðni

Viðrvist sína er hvör skyldr að bera. þá 10 untríðni

Við þann eldinn sitr hvör, sem bést brunnr. þá 10 untríðni

Við þeim leka verðr að ausa, sem fyrst lækemr. þá 10 untríðni

Vík skyldi á milli vina, og fjörðr á milli frænda. þá 10 untríðni

Mikumaðrinn (strákrinn) er béttr. þá 10 untríðni

Vildari eru vina högg, en allmjúkr övina kóss.

Vildust er vinagjöf. þá 10 untríðni

Vilja fjöll fæða, en verðr af hlæilig mús. þá 10 untríðni

Viljann er að virða, þar verkin ekki geta. þá 10 untríðni

Vih er ei lands lög. þá 10 untríðni

Vihnn dregr hált hláss (er ei einhlýtr). þá 10 untríðni

Vihnn er farfrí, en framkvæmd ekki. þá 10 untríðni

Vih og makt vinna allta. þá 10 untríðni

Vihr þú ei heiptrækr vera, þá vertu ei hálsinn. þá 10 untríðni

Vihr þú verða vinsæll, þá styrktu gagn almúgans. þá 10 untríðni

Vihr þú öfundar-lauss lifa, þá hrósa ei hamfuglu

þinni.

Viljugan er hvörn best að kaupa. þá 10 untríðni

Viljugan uxa skal ei alltið reka (framkeira). þá 10 untríðni

Viljugum hesti vilja flestir ríða. þá 10 untríðni

Viljugr umber þú hvað vera hlýtr. þá 10 untríðni

Villustigr er voðahætt. þá 10 untríðni

Viltu af sorgum verða frí, verka það eitt þú ybr-

ast ei.

Viltu er (sá fer villt, opt fer sá villt) sá, sem geta

skal.

Vinanna gjöf skal virða og vel hirða. þá 10 untríðni

Vinanna orð eru hryggum heilnæm (ráð eru hygg-

num heilnæm.

Vinanna löstum skal leyna í lengsta lagi. þá 10 untríðni

Vinar síus (og) hans vinar skal maðr vinr vera.

- Vindr belgir tóma flösku út.
- Vindr er veðra galli.
- Vindriinn er seztr, sjórinna lygnr.
- Vín er frygðar fóðr.
- Vín inn, vit út.
- Vinir í nauðum sjaldan sjást.
- Vini skal lofa þeim afheyris, en víta áheyris (skal víta í hljóði).
- Vini skal varliga reyna.
- Vinna fákar til fóðrs.
- Vinnan verðr keypt, en dygðin aldrei.
- Vinna verðr hvör það ætlað er.
- Vinnar hvör það vandr er.
- Vinnur kapp, þá vantar stirk.
- Vinnst hvör við vel-kveðin orð.
- Vinnukona er vinnukonu verri.
- Vinn það aldrei með illu, sem þú kannt að vinna með góðu.
- Vín skal til vínar drekka.
- Vinr á bak, vinr í neyð, er hin bezta bryggja á leið.
- Vinr er kær meðan veröld er þekk.
- Vinr við alla vakti sjálfan sig.
- Vinsæld er jafnan verði betri.
- Vin til vonds að stoða, varastu sem sjálfs þíns skaða.
